

ALÞINGISTÍÐINDI 1916—17.

B. I.

ÚMRÆÐUR Í SAMEINÖÐU ÞINGI.

REYKJAVÍK

PRENTAÐ Í FJELAGSPRENTSMÍÐJUNNI

1917

Skammstafanir.

A. = A-deild Alþingistiðinda = þingskjölin.

afgr. = afgreitt.

Alþ. = Alþingi.

alþm. = alþingismaður.

Alþt. = Alþingistiðindi.

aths. = athugasemd.

atkv. = atkvæði.

atkvgr. = atkvæðagreiðsla.

brtt. = breytingartillaga.

Ed. = efri deild.

e. hlj. = einu hljóði.

fgskj. = fylgiskjal.

flutnm. eða flm. = flutningsmaður.

frasm. eða frsm. = framsögumaður.

frv. = frumvarp.

gr. = grein.

hv. eða háttv. = háttvirtur.

hæstv. = hæstvirtur.

l. = lög.

lagafrv. = lagafrumvarp.

landsk. = landskjörinn.

n. eða nál. = nefndarálit.

Nð. = neðri deild.

ráðh. = ráðherra.

samhlj. eða shlj. = samhljóða.

samþ. = samþykkt.

skrif. = skrifari.

stafl. = staflíður.

Sp. = sameinað þing.

till. = tillaga.

tölul. = tölulíður.

umr. = umræða.

þgskj. = þingskjal.

þingd. eða þd. = þingdeild.

þingdm. = þingdeildarmaður.

þingsál. = þingsályktun.

þm. = þingmaður.

þm. Ak. = þingmaður Akureyringa.

þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.

þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfell-
inga.

þm. Barð. = þingmaður Barðstrendinga.

þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.

þm. Dala. = þingmaður Dalamanna.

þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og
Kjósarsýslu.

þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.

þm. Húav. = þingmaður Húnavetninga.

þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.

þm. Mýra. = þingmaður Mýramanna.

þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísfirðinga.

þm. N.-M. = þingmaður Norðmýlinga.

þm. N.-Þ. = þingmaður Norður-Þingeyinga.

þm. Rang. = þingmaður Rangæinga.

þm. Reykv. = þingmaður Reykvíkinga.

þm. Seyðf. = þingmaður Seyðfirðinga.

þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.

þm. S.-M. = þingmaður Sunnmýlinga.

þm. Stranda. = þingmaður Strandamanna.

þm. S.-Þ. = þingmaður Suður-Þingeyinga.

þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaey-
inga.

þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísfirðinga.

þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftfell-
inga.

- B. J. = Bjarni Jónsson, þm. Dala.
 B. K. = Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
 B. St. = Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
 B. Sv. = Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
 E. A. = Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
 E. Árna. = Einar Arnason, 2. þm. Eyf.
 E. J. = Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
 E. P. = Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
 G. B. = Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.
 G. G. = Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.
 G. Ó. = Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
 G. Sv. = Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
 H. H. = Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.
 H. K. = Hákon Kristófersson, þm. Barð.
 H. Sn. = Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.
 H. St. = Halldór Steinsson, þm. Snæf.
 J. B. = Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
 J. J. = Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
 J. M. = Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
 Jóh. Jóh. = Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
 K. D. = Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.
 K. E. = Karl Einarsson, þm. Vestm.
 M. G. = Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
 M. K. = Magnús Kristjánsson þm. Ak.
 M. Ó. = Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
 M. P. = Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
 M. T. = Magnús Torfason, þm. Ísf.
 Ó. B. = Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
 P. J. = Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
 P. O. = Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
 P. Þ. = Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
 S. E. = Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
 S. J. = Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.
 S. S. = Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
 Sk. Th. = Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
 St. St. = Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
 Sv. Ó. = Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
 Þorl. J. = Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
 Þorst. J. = Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.
 Þór. J. = Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarfölum, og eins með ákveðna greininum.

Alþingi 1916-17.

Þingsetning.

Ár 1916, mánudaginn 11. desember, var tuttugasta og sjöunda löggefandi Alþingi, sem er sjötta aukáþing í ræðinni, en fertugasta og önnur samkoma frá því, er Alþingi var endurreist, sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12 á hádegi, og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Bjarni dómkirkjuprestur Jónsson steig í stólinn og lagði út af I. Tim. 2, 1—4.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar. Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp ráðherra Einar Arnórsson og las upp opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 11. desember 1916, svohljóðandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allra-míldilegast ákveðið að Alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 11. desbr. þ. á., og viljum Vjer um

þinglímann allramíldilegast kveða svo á, að Alþingi þetta megi ekki, nema síðar verði öðruvísi ákveðið, setu eiga lengur en þrjár vikur.

Um leið og Vjer birtum þetta Vor-um kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefnd-an dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg 9. nóv. 1916.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Opið brjef,

er kveður Alþingi saman til aukafundar.

Þá las ráðherra upp konungsbrjef um setning Alþingis, svohljóðandi:

Christian hinn Tíundi, af guðs

náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vjer veitum yður með brjefi þessu, sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland, vald til að setja í Voru nafni aukapíng það, sem saman kemur mánu- daginn 11. des. n.k.

Gefið á Fredensborg 9. nóv. 1916.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

Til

herra Einars Arnórssonar, Vors ráðherra fyrir Ísland.

Síðan fórust ráðherra svo orð:

Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig gefið, vil jeg hjer með leyfa mjer að lýsa yfir því, í nafni Hans Hátignar konungsins,

að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp

Ólafur Briem, 2. þm. Skagf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Tiundi!

og tóku þingmenn undir það með ni- földu húrra.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn:

1. Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.,
2. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.,
3. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.,
4. Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.,
5. Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.,

3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.,
4. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.,
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.,
6. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.,
7. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,
8. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.,
9. Halldór Steinsson, þm. Snæf.,
10. Hákon Kristófersson, þm. Barð.,
11. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.,
12. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.,
13. Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.,
14. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.,
15. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.,
16. Magnús Torfason, þm. Ísf.,
17. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.,
18. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.,
19. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.,
20. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.,
21. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.,
22. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.,
23. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.,
24. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.,
25. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

A.

Landskjörnir þingmenn:

Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.,
2. Einar Arnason, 2. þm. Eyf.,
3. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,
4. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.,
5. Karl Einarsson, þm. Vestm.,
6. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.,
7. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.,
8. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.,
9. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.

Ráðherra kvaddi *Ólaf Briem*, 2. þm. Skagf., er elstur var þingmanna, til að taka forsetasæti og stýra prófun kjörbrjefa og kosningu forseta.

Bodnð stjórnarskipti. — Minst látinna þingmanna. — Rannsókn kjörbrjefa.

Gekk hann þá til forsetastóls og mælti á þessa leið:

Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, eru 10 þingmenn enn ekki komnir til bæjarins, og með því að ekki þykir fært að byrja þingstörf, meðan $\frac{1}{4}$ hluti þingmanna er fjarverandi, þykir rjett að fresta þessum fundi, þar til þeir eru komnir. En áður en fundi er frestað óskar hæstv. ráðherra að segja nokkur orð.

Ráðherra: Mig langaði að eins til þess, að láta háttv. þm. vita, að jeg mun bráðlega biðja Hans Hátign konunginn lausnar frá embætti mínu. Jeg vildi láta þess getið nú þegar, til þess að háttv. þm. gætu hið bráðasta gert ráðstafanir til skipunar nýrrar stjórnar.

Fundi frestað.

Föstudaginn 15. desember, kl. 1 miðdegis, setti aldursforseti fundinn aftur.

Nú voru til þings komnir þeir:

1. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.,
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,
3. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.,
4. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,
5. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.,
6. Karl Einarsson, þm. Vestm.,
7. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.,
8. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.,
9. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.,
10. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.

Áður en tekið væri til starfa, mælti aldursforseti:

Áður en vjer byrjum á störfum þingsins að þessu sinni, vildi jeg leyfa mjer að minnast með nokkrum orðum eins þingmannsins, sem týnst hefir úr þingmannahópnum á síðasta ári. Það er Skúli Thoroddsen. Hann var fæddur 6. janúar 1859, dáinn 21. maí 1916, kosinn á þing af Eyfirðingum 1891, en þingmaður Ísfirðinga árin 1893—1902, síðan

þingmaður N.-Ísf. 1903—1915. Sat alls á 16 þingum.

Jeg þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., hve mikinn þátt hann átti í löggjafarstarfi voru og afskiptum hans af opinberum málum. En jeg vil skjóta því til hv. þm., að heiðra minningu hans með því að standa upp.

Þá er einnig annar gamall þingmaður fallinn í valinn á þessu ári. Hann sat reyndar ekki á síðasta þingi, en hefir um alllangt skeið átt setu á Alþingi. Það er Jón Ólafsson.

Hann var fæddur 20. mars 1850, dáinn 11. júlí 1916, var kosinn á þing af Sunnmylingum 1881. Sat fyrir Suður-Múlasýslu á þingi 1881—1889 og 1909—1913. Skipaði konungkjörið sæti árið 1905. Jeg vil skjóta því til hv. þm., að heiðra minningu hans með því að standa upp.

Tóku þingmenn undir orð aldursforseta með því að standa upp.

Þessu næst kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem skrifara þá:

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang. og
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Rannsókn kjörbrjefa.

Nú var þingmönnum skift í kjördeildir, og urðu í

1. deild:

Bjarni Jónsson,
Björn Stefánsson,
Einar Arnórsson,
Einar Árnason,
Halldór Steinsson,
Hákon Kristófersson,
Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

2. deild:

Benedikt Sveinsson,
Gisli Sveinsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Björnson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jörundur Brynjólfsson,
Kristinn Danielsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Ólafsson.

3. deild:

Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,
Karl Einarsson,
Magnús Pjetursson,
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.

Kjördeildir skiftu með sjer kjörbrjefum þann veg, er lög mæla fyrir, að fyrsta deild fjekk annari, önnar þriðju, og þriðja fyrstu.

Nú gengu deildirnar úr salnum til að gegna störfum sínum, og varð því fundarhlje.

Þá er fundarhlje hafði staðið nærfelt eykt, höfðu kjördeildirnar lokið störfum sínum, og gengu til fundarsals.

Þá tók til máls:

Framsögumaður 1. kjörbrjefadeildar (Bjarni Jónsson): Kjörbrjefadeildin hefir nú setið um nokkurn tíma yfir lestri

þessara skjala, sem hún hefir haft til meðferðar.

Jeg skal þá fyrst nefna þau kjörbrjef, sem engar kærur hafa komið yfir, og kjörbrjefadeildin hefir ekkert haft að athuga við. Það eru kjörbrjef þessara manna:

1. þm. Rang. (E. P.),
2. þm. Rang. (E. J.),
2. þm. Húnv. (G. Ó.),
1. landsk. þm. (H. H.),
2. þm. Reykv. (J. M.),
- þm. Vestm. (K. E.),
- þm. Stranda. (M. P.),
2. þm. Skagf. (Ó. B.),
- þm. S.-Þ. (P. J.),
- þm. Borgf. (P. O.),
- þm. A.-Sk. (Þorl. J.).

Við kjörbrjef þessara manna hefir nefndin ekkert haft að athuga, og leggur því að sjálfsgöðu til, að þau verði öll dæmd gild.

Þá kem jeg að þeim kjörbrjefum, sem kært hefir verið yfir.

Það hefir verið kært yfir kosningunni í Mýrasýslu. Þessi deild hefir samt komist að þeirri niðurstöðu, að taka beri hana gilda, og það af þeirri ástæðu, að það hefir verið föst venja hjer í þinginu, að taka þær kosningar gildar, þar sem misfellurnar eru ekki meiri en svo, að þær gætu engin áhrif hafa haft á kosninguna, þótt öll vafaatkvæðin hefðu fallið á mótstöðumanninn.

Það eru ýms atriði í þessari kæru, sem jeg vildi fara um nokkrum orðum.

Þeir sem kæra, taka það sjerstaklega fram, að tekin hafi verið gild atkvæði, sem greitt höfðu „menn sem heima sátu á kjördegi og ekki höfðu skift um heimili, frá því kjörskrá var samin“.

Jeg tel það ekki ná nokkurri átt, að dæma ógilda kosninguna fyrir þessa sök, því að hvernig gátu menn vitað um það fyrir fram, hvort þeir, sem komu og vildu fá að kjósa, yrðu heima á kjördegi, og

ekki heldur vist, að kjósendurnir vissu það fyrirfram, að ekkert það gæti komið fyrir, sem hamlaði ferðum þeirra.

Þá hefir í öðru lagi verið kært yfir því, að frambjóðandinn, Pjetur Þórðarson, skyldi staðfesta fylgibrjef með atkvæðum, sem greidd voru skriflega. Þetta eru ekki kærufeni, því að hann var heinlinis skyldur að gjöra það, þar sem hann var sjálfur hreppstjóri. Að hann staðfesti fylgibrjef manna, sem voru utan hans hrepps, kom til af því, að í Borgarnesi voru hin löglegu yfirvöld, sýslumaður og hreppstjóri, ekki viðstaddir, en mennirnir vildu reyna þetta, að láta hann staðfesta fylgibrjefin, af því að þeim var annars gjört ómögulegt að kjósa.

Þá hefir í þriðja lagi verið kært yfir því, að sýsluskrifarinn í Borgarnesi væri ekki nógu gamall til þess að staðfesta atkvæðabrjef.

Jeg veit ekki til, að til sje nein ákvæði í gildandi lögum, sem heimti vissan aldur til slíkra hluta.

Þá er í fjórða lagi kært yfir því, að þingmaðurinn hafi „að líkindum“ keypt sjer atkvæði.

Þetta atriði finn jeg ástæðu til að nefna nánar, því að það er svo vaxið, ef áburðurinn væri sannur, að þá varðaði hann ærumissi.

Með þessum kærulið fylgir vottorð þriggja manna, og skal jeg með leyfi hæstvirts forseta lesa það upp. Það er svohljóðandi:

„Við undirritaðir vottum hjer með, að við heyrðum Þorstein Bjarnason vinnumann í Galtarholti, segja að kvöldi kosningadagsins, er tilrætt var um kosninguna, að Pjetur Þórðarson, hreppstjóri í Hjörsey, hefði gefið sjer 1 kr., en sjálfur sagðist hann ekki hafa ætlað að taka nema 50 aura, og skildum við það svo, að Pjetur hefði borgað honum þessa krónu fyrir atkvæði hans,

Svignaskarði 20. nóv. 1916.

Guðmundur Danielsson,
Indriði Ólafsson,
Runólfur Eyjólfsson“.

Um einn af þessum mönnum er það að segja, að mjög efasamt er að hann hafi getað verið viðstaddur þetta umrædda kvöld. En um Þorstein Bjarnason er það að segja, að hann þykir litið gáfaður maður og ekki ýkja sjálfstæður, ekki sist er hann er undir áhrifum þess frelsanda guðs, sem vjer nefnum Bakkus.

Yfirleitt má segja það um þenna lið kærunnar, að slíkar illkvitniskærur ættu ekki að sjást hjer í þinginu.

Þá voru fleiri kjörbrjef, sem kærur fylgdu. Var þar eitt úr Gullbringu- og Kjósarsýslu. En þar er svo háttað, að framboði eins þingmannsefnis var hafnað af þeirri ástæðu að það kom of seint fram, og er jeg þar á sömu skoðun sem kjörstjórnin, að þar eð framboðið kom fyrst eftir hádegi á laugardag, var það of seint, því að það átti að hafa komið fyrir kl. 12 að nóttu kvöldinu áður, og get jeg vitnað þar til bæjarfógetans á Akureyri, sem gefið hefir út auglýsing um, að framboðum skyldi skila fyrir þann tíma. Hjer er heldur ekki um neinar þær afleiðingar að ræða, er áhrif gætu haft á kosningaúrslitin, þar eð frambjóðandi tekur úrskurð kjörstjórnar gildan og afturkallar framboðið.

Þá eru, í öðru lagi, kærðir formgallar á kosningunni, þar á meðal útbúnaður kjörherbergis. Höfðu í því verið tveir kosningaklefar. Þetta atriði kærunnar er alveg rjett, en sök á hendur kjörstjórn getur það aldrei verið, því að engin áhrif getur tala kjörklefanna haft á úrslit kosninganna. Enda segir kjörstjórnin að slíkt hafi alt af viðgengist síðan lögin um leyningar kosningar gengu í gildi. Einnig má benda á það, að nærri lá að kært yrði hjer í Rvík, sökum þess, að ekki var

nema einn kjörklefi í hverju kjörherbergi, svo að ekki komst að nema litill hluti kjósenda til að kjósa.

Þá er í þriðja lagi kært yfir því, að annað þingmannsefnið hafi gefið út seðla, til leiðbeiningar við kosningarnar, og hafi þeir verið svo líkir þeim rjettu kjörseðlum, að menn hefðu getað kosið á þá. Um þetta má segja nokkuð líkt og fjórða atriðið í Mýrasýslukærunni, að hjer er gjörð tilraun til að ófrægja mannorð annars þingmannsins, því að auðvitað er það glæpur að falska kosningaseðla. En þetta kæruatriði geta allir sjeð að ekki nær nokkurri átt, því að allir vita að slíkir seðlar, sem þessir, eru gefnir út, bæði af einstökum mönnum og blöðunum við hverjar einustu kosningar, ekki að eins hjer á landi, heldur um allan heim.

Kjörbrjefadeildin hefir því komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri þessari kæru frá, af sömu ástæðu og Mýrasýslukærunni, sem ástæðulausri.

Þá hafði kjörbrjefadeildin einnig til meðferðar kjörbrjef 1. þm. Árn. (S. S.) og fylgdu því kærur allmiklar, en um það er sama að segja og hinar kærurnar, að deildin leggur það til, að það verði einnig tekið gilt.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir lofað mjer að hafa framsögu í því máli, til þess að ekki komi alt á mitt bak.

Það get jeg sagt um þessa kosningu yfirleitt, að á henni eru miklir gallar, og kjörstjórnirnar hafa misskilið allhrapallega kosningarlögin, en deildin litur svo á, að þrátt fyrir þá ágalla sje ekki ástæða til að gjöra kosninguna ógilda, en álitur sjálf-sagt að átelja kjörstjórnirnar og jafnvel beita sektarákvæðum kosningarlaganna. Yfirleitt vill deildin ekki ónýta kosningar, þar sem kjörstjórnirnar eiga sök á göllunum, en ekki þingmennirnar sjálfir.

Skúli Thoroddsen: Fyrsta kjörbrjefadeild hefir meðal annars haft til meðferðar

kjörbrjef 1. þm. Árn. (S. S.) og rannsókn á kærum þeim, er borist hafa út af kosningu hans.

Kæra hefir borist frá einum frambjóðandanna í Árnassýslu, hr. Jóni Jónatanssyni fyrirv. alþm. Hann krefst þess, að kosning þessa háttv. þm. (S. S.) verði gerð ógild, vegna þess að yfirkjörstjórn hafi við athugun framboða þeirra, er henni hefðu borist, ranglega úrskurðað framboð sitt ógilt, og þessi rangi úrskurður hafi getað haft áhrif á úrslit kosningarinnar í sýslunni — þau áhrif, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði ekki náð kosningu.

Umgetinn úrskurð sinn, byggir yfirkjörstjórn Árnassýslu á því, að framboð hr. Jóns Jónatanssonar hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum, er kosningarlögin setji fyrir gildi framboða, þar sem hann hafi ekki á meðmælendaskjali sínu haft nema 11 lögfulla meðmælendur, í stað 12, er kosningarlögin fyrirskipi.

Kærandi heldur því fram, að yfirkjörstjórn hafi með þessum úrskurði tekið sjer „vald umfram það, sem henni sje ætlað að lögum“. Hann heldur því fram, að kjörstjórnin geti ekki vísað framboði frá, þar sem hún, samkvæmt ákvæðum gildandi stjórnarskrár og kosningarlaga, eigi ekki að leggja neinn dóm á það, hvort frambjóðandi uppfylli kjörgengiskilyrðin eða ekki. Það er auðvitað alveg rjett, að yfirkjörstjórn ber enginn rjettur til þess að dæma um kjörgengi þingmannsefnis. En það er bara sá gallinn á röksemdafærslu kæranda, að hún kemur ekkert því máli við, sem hjer ræðir um. Yfirkjörstjórnin er sem sje alls ekki með úrskurði sínum að meta það, hvort kærandi hafi verið kjörgengur eða ekki. Meðmælendafjöldi kemur kjörgenginu ekkert við. Hann gat verið kjörgengur meðmælendalaus og ókjörgengur með 100 meðmælendum. Nei! Yfirkjörstjórnin er að rannsaka það, sem henni bar skylda

til að rannsaka, hvort skilyrðum þeim, er kosningarlögin, samkvæmt beinum fyrirmælum 10. gr. stjórnskipunarlaganna 1915, setja fyrir því, hvort ganga megi til kosninga um frambjóðanda, sé fullnægt eða ekki. Og hafi kærandi ekki haft nema 11 lögfulla meðmælendur, þá hefir skilyrðum laganna, hjer að lútandi, ekki verið fullnægt. Þessa mótbáru á móti kosningu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er því ekki hægt að taka til greina.

Þá vill kærandi halda því fram, að úrskurðurinn sje út í bláinn, þar sem yfirkjörstjórn hafi ekki vitað, er hún kvað upp úrskurð sinn, hvort 12. meðmælandinn, er hún taldi ógildan, hafi verið kjósandi eða ekki.

En hugtakið „kjósandi“ skýrir hann á þá lund, að það nái yfir alla þá menn, sem rjett eigi til þess að standa á kjörskrá, án tillits til þess, hvort þeir hafi verið á kjörskrá eða ekki. Jeg verð að telja þetta mjög svo hægna lögskýringu. Þar sem kosningarlögin heimila þeim einum að neyta kosningarrjettar, er standa á kjörskrá, þá virðist það liggja í augum uppi, að þau eigi með orðinu „kjósendur“ við þá menn eina, sem samkvæmt heimild laganna mega nota þennan rjett. En hvað sem því liður, þá hlutu kjörskrár sýslunnar að vera sá eini mælikvarði, sem yfirkjörstjórn gat hjer farið eftir, þar sem engin gögn í mótselta átt lágu fyrir henni, og hún þurfti að fara að undirbúa kosningarathöfnina, með prentun seðla o. fl. Það er líka síðar upplýst og játað af kæranda sjálfum, að maður sá, er hjer um ræðir hafi ekki haft rjett til þess að standa á kjörskrá í Árnessýslu. Þessi ástæða kæranda verður því heldur ekki tekin til greina.

Þá er það eitt af kæruatridunum, að yfirkjörstjórn hafi, við opnun framboðanna, ranglega neitað að taka á móti tilboði tveggja tilgreindra manna um það, að gerast meðmælendur kæranda. Þessu

hefir yfirkjörstjórn neitað, og þar sem kærandi hefir ekki fært nein gögn, hvorki vottorð nje annað, fyrir þessari staðhæfingu sinni, þá er ekki hægt að taka hana til greina gegn neitun hins aðiljans.

Loks segir kærandi, að yfirkjörstjórnin hafi gjört sig seka í ósamkvæmni og beitt hann misrjetti, þar sem hún hafi tekið gilt framboð háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem þó hafi verið gallað. Það framboð var stílað til sýslumanns í stað yfirkjörstjórnar, en var að öðru leyti fullkomlega lögformlegt. Og fyrst framboðið barst rjettum hlutaðeiganda í hendur áður en framboðsfrestur var útrunninn, þá virtist ástæðulaust af yfirkjörstjórn að taka það ekki til greina.

Kærandi hefir þannig, að dómi kjörbrjefadeildarinnar, ekki getað fært sönnur á að yfirkjörstjórn hafi haft nokkra lögleysu í frammi, og því er það tillaga deildarinnar, að kosning háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) verði tekin gild, þrátt fyrir kærur hr. Jóns Jónátanssonar. Að visu hefði yfirkjörstjórn átt að sýna meiri bilgirni í þessu máli en hún hefir gjört, þar sem um svona litinn galla á framboði var að ræða, en aftur á móti verður henni, hreint lagalega, ekki legið á hálsi fyrir það, sem hún hefir gjört.

Um hina kærana, sem borist hefir frá nokkrum kjósendum í Árnessýslu, álit jeg óþarft að tala. Jeg get í því efni látið mjer nægja að skirskota til hinna almennu athugasemda háttv. þm. Dala. (B. J.). Að visu hafa kjörstjórnir þær, er þar getur, gjört sig seka í lögbotum, en þar sem það er sýnt, að þau gátu engin áhrif haft á kosningu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem var kosinn með stórkostlegum atkvæðamun, þá getur ekki komið til mála að ógilda kosningu hans vegna galla þeirra, er þar um ræðir.

Þórarinn Jónsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók það ekki fram í framsögu sinni,

að við vorum nokkrir í kjördeildinni, þótt fáir væru, sem vildum fresta því, að samþykkja kosninguna í Mýrasýslu.

Það má að visu segja um misfellur þær, sem á eru kosningum yfirleitt, að þegar þær leiða ekki til annara úrslita við kosninguna, eftir því sem næst verður komist, þá sje sanngjarnt og rjett, að taka kosninguna gilda. En svo langt má þó fara í því, að Alþingi taki gildar kosningar þær, er misfellur eru á, að í öfgum lendi, og fer sist vel á því, að Alþingi gangi á undan í því, að taka gild hver lögbrot, sem miður hlutvöndum mönnum kann oft að geta dottið í hug.

Háttv. framsm. (B. J.) tók það fram, að kært hefði verið yfir því, að þingmanns efni hefði keypt sjer atkvæði. Taldi hann það þvaður eitt, og munu margir svo ætla. En einmitt fyrst slik ákæra hefir fram komið, ætti það að vera áhugamál þess þingmanns, er fyrir kærinni varð, að fá þetta rannsakað, og hrinda svo af sjer illmælum þessum.

Þess vegna var það tillaga okkar, að visu fárra, að kæru þessari yrði vísað til kjörbrjefanefndar, eða hún ekki tekin gild þegar í stað. Þessari kæru er líka svo háttað, á annan veg en öllum öðrum, að hjer er það frambjóðandi sjálfur, sem brýtur lögin, og virðist það verra til afsökunar, en ýmsár aðrar misfellur, svo sem eins og rangar kjörskrár, sem sjaldan eða aldrei munu gjörðar með það fyrir augum, að ákveðnir menn verði í boði. En fyrir frambjóðendum sjálfum, er ákveðinn tilgangur. Á það verður sjerstaklega að lita.

Framsm. 1. kjörbréfadeildar (Bjarni Jónsson): Rjett var það hjá háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að ekki voru öll atkv. í kjördeildinni með því, að samþykkja að svo búnu kosninguna í Mýrasýslu, heldur mikill meiri hluti.

Mintist hann á eitt atriði kærunnar, sem sje atkvæðakaupin. — Satt er það að visu,

að illa fer á, að Alþingi gangi á undan í því, að þola ólög, en hitt mundi ekki fegurra til afsurnar, nje afsakanlegra, að það gengi á undan í því, að hlaupa eftir lygaþvaðri og þvættingi. Munu líka allir á einu máli um það, að orð fáraðlings þess, er jeg áður nefndi, sjeu rógur einn, eða kosningaflaupur.

Jón Magnússon: Mjer virðist svo sem kjördeildin hafi farið nokkuð mjúkum höndum um sum kæruaatriðin. Háttv. frsm. (B. J.) virtist álita, að taka bæri gild öll atkvæði, sem greidd væru á kosningadegi. Þótt kjósandi væri fjarstaddur. Slikt hefir og viðgengist, en vafasamt er, hvort kosningarlögin leyfa það. Vafasamt hvort það er leyfilegt, að maður sendi atkvæði sitt skriflegt, sem staddur er innan sins eigin kjördæmis dag þann, er kosningar fara fram. Kjörstjórnir ættu því að vera varkárar í því, að leyfa slikt. Það ætti ekki að vera nóg, að segjast ætla burt, en sitja svo heima og afgreiða atkvæði sitt skriflega einmitt kosningadaginn. Slikt væri ólöglegt, og ætti því að ónýta þau atkvæði, sem svo er ástalt um. Enda ónýtti landskjörstjórnin atkvæði, við landskosningarnar, sem svo voru undir komin. Mjer finst því, að 1. kjördeild hafi farið nokkuð lauslega í þetta mál, því ef slikt væri leyft, mætti eins vel taka burt kröfuna um, að mæta á kjörfundi. Heyrst hefir líka, að einn hreppstjórinn í Mýrasýslu hafi látið heimafólk sitt greiða atkv. skriflega, áður en hann fór á kjörfundi; kann þetta að vera lausafregn. Virðast þó fullmörg atkvæði vera greidd brjeflega í Mýrasýslu.

Eggert Pálsson: Um kjörbrjef þau, sem hjer liggja fyrir, er ekki neitt að ræða. Þau mega teljast að öllu leyti vitalaus, nema kjörbrjef eða kosning 5 þingmanna. Það hafa sem sje komið fram þrjár allharðar kærur út af kosningunum úr Gullbr.

og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Mýrasýslu, og enda er þá mestmegnis upptalið, það sem kært hefir verið, nema kosningin í Eyjafjarðarsýslu, sem ekki liggur fyrir að þessu sinni.

Eftir að hafa athugað kærana úr Gullbr.- og Kjósarsýslu, þykir mér sanngjarn að taka kosninguna þar gilda. Atkvæðamunur þar er svo mikill, að engin hættu er á, að breyting hefði getað orðið á úrslitum kosninganna. Eina verulega atriði kærunnar er það, að annað þingmannsefnið, er kosningu hlaut, hafi gefið út seðla líka kjörseðlum. En við nánari athugun eru seðlar þessir svo gjörólikir kjörseðlum, bæði að breidd og lengd, og rendurnar utan með svo alt öðruvísi, að óhugsanlegt er, að kjörstjórn geti vilst á þeim. Er þetta atriði kærunnar því ekki stórvægilegt. Hins vegar er það rjett, að þingið viti það, að búa til slíka seðla, svo að ekki komi hið sama fyrir aftur, eða lengra verði gengið í því efni en hjer hefir átt sjer stað. Því þótt líkingin hafi ekki verið mikil, á milli þessara tilbúnu seðla og sjáltra kjörseðlanna, í þetta sinn, þá getur hún orðið meiri síðar, ef samskonar aðferð væri viðhöfð.

Í Árnessýslu eru kæruefnin tvö. Ann að frá Jóni Jónatanssyni, að ekki hafi verið tekið gilt framboð hans. Álit jeg að yfirkjörstjórn hafi þar ekki rangt gjört, og sje fullkomlega í rjetti sinum, þótt henni hafi ef til ekki farist lipurlega, gagnvart frambjóðanda þessum. Tel jeg þetta því enga ástæðu til að ónýta kosninguna.

Annað atriði kærunnar, og þýðingarfullra, er það, að kosið hafi í sumum hreppum menn, sem ekki voru á kjörskrá, og í öðrum hafi verið meinað að kjósa, mönnum sem á kjörskrá voru. Þetta má enganveginn svo til ganga átölulaust. Það liggur í augum uppi, að hver undirkjörstjórn verður að fara eftir þeirri kjörskrá, sem fyrir er, og má alls ekki leyfa sjer þá

óhæfu, að fara sjálf að búa til aðra kjörskrá, til þess að láta kjósa eftir.

Þá er kærana úr Mýrasýslu, og virðist hún athugaverðust allra þeirra kærana, sem fyrir liggja út af kosningunum í þetta sinn. Í fyrsta lagi er það mjög athuga- og vita-vert, hve margir hafa kosið heima, með vottorði eða uppáskrift hreppstjóra, og það því fremur, sem sá hreppstjóri, sem lengst hefir gengið í þessu efni, er sjálft þingmannsefnið, einn af frambjóðendum, sem talið er að hlotið hafi kosninguna.

Það mun koma fram, ef þetta verður leyft vitalaust, að þá munu kjörfundirnir smátt og smátt hverfa úr sögunni. Það liggur í augum uppi, að það er miklum mun þægilegra fyrir kjósendur, að geta mætt einhverntíma fyrir kjörfund hjá hreppstjóranum, og jafnvel þurfa ekki neitt að ómaka sig að heiman, til þess að greiða atkvæði, heldur en binda sig við að mæta á sjálfum kjörfundinum. Þá geta þeir kosið, þá er þeim er hentast, en kjörfundardagurinn getur að ýmsu verið óheppilegur fyrir þá, og þeir gætu auk þess verið þá forfallaðir. Þetta, ef það er aðfinningarlaust látið viðgangast, leiddi því bersýnilega til þess, að kjörfundirnir fjellu niður.

Í kærinni kemur það einnig fram, að hreppstjóri hafi tekið á móti atkvæðum annara en hreppsúa sinna, en þetta er ekki heimilt eftir kosningarlögnum; á því er enginn vafi. En sjerstaklega er það þó iskyggilegt og óþolandi, þegar frambjóðandi sjálfur hefir mest gjört sig sekan í þessu efni. Það er fyrst og fremst með tilliti til þessara galla, að jeg álit rjett, að kosningunum í þessum 2 kjördæmum sje vísað til nefndar til umsagnar og ihugunar.

Gallarnir á þessum kosningum eru svo miklir, að það er ekki rjett að samþykkja þær orðalaust, og því rjett, að nefnd geti athugað kærurnar, og þingmenn geti fengið ýtarlegar að hugsa málið, því þá fyrst

er málið orðið nægilega skýrt; þá fyrst er er hægt að greiða til fullnustu atkvæði um það, hvort þessar tvær kosningar, í Árnassýslu og Mýrasýslu, skuli taka gildar eða ekki. Fyr er, frá minni sjónarmiði, ekki hægt að greiða atkvæði með því, að þær skuli gildar taka, jafn gallaðar sem þær eru, og að minsta kosti gjöri jeg það ekki.

Kristinn Danfélsson: Það er af því að jeg á hjer hlut að máli um eina kærana, að jeg bið mjer hljóðs, en eigi skal jeg preyta hið háa Alþingi með löngu máli.

Jeg minnst ekki, að í þinginu hafi komið fram kæra, sem er bygð á minni rökum, en þessi kæra um kosninguna í Gullbr.- og Kjósarssýslu, enda hefir það tekið langan tíma, að finna kæruefnin, því að það var fyrir löngu orðið hljóðbært um aðrar kærur, sem hjer hafa komið fram, án þess að neitt kvis heyrðist um þessa fyr en nú síðustu dagana.

Í þessari kæru er aðdróttun, er snertir mig sjerstaklega. Það er viðvikjandi sýnishorni af kjörseðlunum, er sent var út um kjördæmið, og jeg játa að hafa sent út. Jeg skoða það fyrir neðan virðingu mína, að fara að koma fram fyrir Alþingi með neinar afsakanir. En jeg vil að eins skýra frá, að þetta var gjört í líking við það, sem alvanalegt er í dagblöðum, og enginn hefir að fundið. Jeg lit nú svo á, sem það sje fremur hjegómi og mjög gagnslit-ið, að prenta í blöðum slik seðlasýnishorn, og jeg er svo skapi farinn, að mjer hefði ekki komið það til hugar, ef fáeinir kjósendur í kjördæminu hefðu ekki stungið upp á því og óskað þess, að slik sýnishorn, í líkingu við þau í dagblöðunum, væru prentuð og send út. Og jeg sje ekki annað en þessir seðlar sjeu öldungis eins. Jeg skal leyfa mjer að sýna háttv. þm. hjer eitt tölubl. Ísafoldar með nákvæmlega samskonar seðli. Hjer er borðinn jafnbreiður og jafnlangur, götin af sömu

stærð, og seðilbreiddin sem næst því, sem er á kjörseðlum. En það er viðurkennt af kærundunum, að seðlar þessir, sem hjer er um að ræða, hafi í verulegum atriðum verið öðruvisi, prentletrið á nöfnunum annað, annar pappír og seðlarnir mjörri, svo að óhugsandi var að nota þá við kosninguna, eða að villa kjörstjórnina á þeim.

Það mætti má ske segja, að seðlarnir í blöðunum, sjeu að því frábrugðnir, að það sje prentað á bakið á þeim, en í þessu Ísafoldarblaði, sem jeg hefi hjer með höndum, er ekkert prentað hinumegin á blaðið. Það er auðvitað að eins tilviljun, að jeg hefi blað í höndum, sem er þannig. Engum dettur í hug, að það hafi átt að nota til neinnar fölsunar.

Kærundurnir eru heldur ekki sammála um nothæfi seðlanna. Annar segir, að þeir hafi haft svo mikil áhrif, vegna þess, að kjósendunum hafi verið talin trú um, að kjörseðill þeirra væri ekki gildur, nema hann væri eins merktur og þar, en annar segir — og það þykir mjer leiðinlegt hans vegna, því að hann hlýtur að gjöra það móti betri vitund —, að líklega hafi margt af þessum seðlum verið notað til kosninga kosningadaginn. Þetta er vitanlega fráleitt. Þetta var það, sem jeg vildi taka fram, að jeg álit þessi sýnishorn í blöðunum og þessa seðla helst vera hje-góma, sem má ske hefði ekki átt að eiga sjer stað, og ætti ekki að koma fyrir oft- ar, en ef þeir varða við lagagreininna, sem vitnað er til, þá ætti samkv. henni að setja mig í fangelsi, en ekki ógilda kosninguna. En jeg verð að taka fram, að jeg get ekki með glöðu geði tekið á móti neinum vitum af Alþingi, sem hv. þm. Rang. (E. P.) talaði um, af því að jeg álit mig ekki eiga þau skilið.

Framsm. 1. kjörbrjefadeildar (Bjarni Jónsson): Jeg vildi að eins minnst á örfá atriði í ræðum tveggja háttv. þm.

Jeg sje ekki þörf á langri ræðu; flestir munu hafa gjört sjer ljóst, hverjir ágallarnir eru, og hvað þeir ætli að gjöra.

Vil jeg þá fyrst nefna hv. 2. þm. Reykv. (J. M.), er ekki taldi það nóg, að menn segðust mundu verða fjarverandi, til þess að geta kosið fyrir kjördag. Jeg veit þá ekki eftir hverju hann hefir farið sem kjörstjóri, þegar menn komu til hans til kosninga, hverja skýrari sönnun hann hefir getað heimt en ummæli kjósenda. Það er líka svo, bæði hjer í Reykjavík og annarstaðar á landinu, að menn hafa kosið skriflega, vegna þess að þeir höfðu för ákveðna, þó eigi yrði af. Það er hægt að sanna þetta með ýmsum dæmum, og hvort kjósandinn hefir kosið að morgni kjördags eða fyr, fæ jeg eigi sjeð að gjöri neinn mismun, því að honum getur verið jafn ómögulegt að mæta á kjörfundi fyrir það.

Þetta var líka gjört á mörgum stöðum um land alt, er menn sáu, að hjer var um rjett mál að ræða, og því hefir það eigi kært verið. Hvað við vikur kærundi á háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem hv. þm. Reykv. (J. M.) og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), hafa talið sjerstaklega vitaverða, þá er það t. d. sannanlegt með mörgum vitnum þar upp frá, og sumum hjer, að 6 eða 7 menn, er kosið höfðu skriflega, höfðu fyrir löngu ákveðið að fara sjóveg yfir til Knararness, en þá skall á veður svo mikið, að þeir máttu ekki fara, og fæ jeg ekki skilið, að ónýta beri atkvæði þeirra, eða vita hreppstjóra fyrir. Þá sagðist háttv. 2. þm. Reykv. (J. M.) hafa heyrt það, að jafnvel einn hreppstjóri hefði látið heimilisfólk sitt kjósa að morgni, áður en hann fór á kjörfund. Þetta er rjett. Það stendur hjer í kærundi, að Jón hreppstjóri Guðmundsson á Valbjarnarvöllum (*Sigurður Eggerz*: Þetta er valinkunnur sómamaður) hafi látið konu sína og vinnukonu kjósa, áður en hann fór til kjörfund-

ar, og var konan veik. Hefir hreppstjörinn sennilega misskilið lögin, og þarf eigi að ræða það mál lengi. Ekki er annað en að sekta hreppstjóra fyrir þennan ranga lagaskilning hans.

Þá eru þessi atkv., sem háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir staðfest fyrir utan hrepp sinn. Það gjörði hann til að reyna að bæta óhapp það, er kjósendur urðu fyrir, þar sem enginn löglegur embættismaður var til á staðnum, er gæti staðfest kosning þeirra. Og þess ber að gæta, enda vissi hv. þm. það vel, og bjóst enda við því, að hver undirkjörstjórn gat ónýtt atkvæðin. Í hreppi sínum tók hv. þm. (P. J.), sem hreppstjóri, ekki sæti í kjörstjórninni. (*Þórarinn Jónsson*: Hann gat það ekki). Jeg held þeir hefðu getað misskilið lögin líka á þá lund. — En hann (P. Þ.) benti kjörstjórninni á, að þessi atkvæði væru sennilega ónýtt, en þá hreyfði enginn mótmælum, og kjörstjórnin gleypdi við öllu saman.

Hvað er svo verið að amast við þessum kosningum? Hvað er nú þetta, ef að er gáð? Ef alt er talið háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) í óhag, þá eru það 26 atkv., en mismunurinn er 64 atkv., og það sjá allir, að þótt þið dragið 26 frá 64, þá hefir þó háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) mörg atkvæði fram yfir keppinautinn. Það er því engin ástæða til að ónýta kosninguna, að gjöra kjördæmið þingmannslaust, þar sem enginn vafi leikur á um vilja kjósendanna, en rjett er það, að vita það, sem aðfinsluvert er, og eins þar að beita sektarákvæðum kosningarlaganna.

Læt jeg svo útrætt um mál þetta, en þar sem landstjórnin hefir hlustað á mál mitt, þá tel jeg sjálfsagt, að hún viti misfelltur þær, er fram hafa komið, svo að slíkt hendi eigi oftar; en jafn sjálfsagt tel jeg það, að háttv. Alþingi virði vilja kjósendanna, en gjöri ekki kosninguna ógilda fyrir það, að tveir hreppstjórar hafi misskilið kosningarlögin.

ATKVGR.:

Voru þá borin upp kjörbréf eftirfarandi þingmanna:

Eggerts Pálssonar, 1. þm. Rang.,
Einars Jónssonar, 2. — —
Guðmundar Ólafssonar, 2. þm. Húnv.,
Hannesar Hafstein, 1. landsk. þm.,
Jóns Magnússonar, 2. þm. Reykv.,
Karls Einarssonar, þm. Vestm.,
Magnúsar Pjeturssonar, þm. Stranda.,
Ólafs Briem, 2. þm. Skagf.,
Pjeturs Jónssonar, þm. S.-Þ.,
Pjeturs Ottesen, þm. Borgf.,
Porleifs Jónssonar, þm. A.-Sk.

og voru þau samþykkt í einu hljóði.

Þá var borin upp kosning þingmanna Gullbringu- og Kjósarsýslu og var hún samþykkt í einu hljóði.

Þá var borin upp kosning þingmanns Mýramanna og var hún samþykkt með 24: 13 atkv.

Þá var borin upp kosning 1. þingmanns Árnesinga (S. S.) og var hún samþ. með 33 samhljóða atkv.

Frsm. 2. kjörbrjefadeildar (Magnús Guðmundss.): Til þessarar kjörbrjefadeildar var vísað kjörbrjefum 13 þm., tveggja landsk. þm. og 11 kjördæmakjörinna. Þeir voru: Þm. Dala. (B. J.), 2. þm. S.-M. (B. St.), 2. þm. Árn. (E. A.), 2. þm. Eyf. (E. Árna.), þm. Snæf. (H. St.), þm. Barð. (H. K.), 5. landsk. (H. Sn.), 1. þm. N.-M. (J. J.), þm. Ísf. (M. T.), 3. landsk. þm. (S. J.), þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og hefir nefndin rannsakað öll þessi kjörbrjef, nema kjörbrjef hv. 5. landsk. (H. Sn). Hann hafði gleymt kjörbrjefi sinu heima, en kjördeildin hefir sannfært sig um kosningu hans af gjörðabók landskjörstjórnar, er hún hefir haft með höndum, enda engin mótmæli komið fram gegn kosningunni. Kjördeildin leggur því til, að kosning þessa manns verði samþykkt nú þegar, og hið sama er að segja um kosningu þeirra 10 háttv. þm., sem hjer er um að ræða og ekki hefir verið kært yfir. Hins vegar hefir verið

kært yfir kosningu tveggja manna í þessari kjördeild, en það eru háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) og 2. þm. Árn. (E. A.) og skal jeg því fara nokkrum orðum um kærur þessar.

Skal jeg fyrst vikja að kosningu hv. 2. þm. Árn. (E. A.) Um hana get jeg að mestu vísað til þess, er hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, er hann var að tala um kosningu hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að það sje ekki ástæða til þess, að fella hana úr gildi, vegna frambóðs Jóns Jónatanssonar. Er jeg honum að öllu leyti samþykkur um það efni.

En auk þess er kært yfir því

1. að kjörstjórn í einum hreppi hafi leyft 4 mönnum að kjósa, sem ekki stóðu á kjörskrá.
2. að kjörstjórn í öðrum hreppi hafi bannað 2 mönnum að kjósa, er stóðu á kjörskrá.

Kjörstjórnir þessar hafa afsakað sig; hin fyrnefnda með því að þessir 4 menn hafi átt að vera á kjörskránni, en hin síðarnefnda með því að þessir 2 menn hafi ekki átt að vera á kjörskránni; en það er ekkert vafamál, að báðar þessar kjörstjórnir hafa skýlaust brotið 32. gr. kosningarlagna. Þetta atriði er svo skýrt í greininni, að um það getur engum blandast hugur, sem á annað borð hefir lesið greinina. Kjörstjórnin getur ekki leyft neinum að kjósa, sem ekki stendur á kjörskrá, og ekki heldur bannað neinum að kjósa, sem stendur á kjörskrá.

Svo er enn eitt atriði. Þeim tveimur úr yfirkjörstjórninni, sem rituðu upp atkvæðatöluna, bar ekki saman um eitt atkv. Það var látið falla á 2. þm. (E. A.). Sameiginlegt við alla kærupóstana er það, að kjörstjórnirnar eiga sökina, en frambjóðendur ekki. Þá ber að gæta þess, að þótt öll þessi atkvæði hefðu fallið í óhag þeim, sem næst flest atkvæðin fekk, en í hag þeim, er þar var næstur að atkv.tölu, hefði það ekki raskað úrslitum kosninganna. Jeg geng því að því visu, að þessi kosning verði tekin gild nú þegar, eins og

hinar, enda er það tillaga kjördeildarinnar.

Þá kemur kærán um kosningu 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Þar er líka kært yfir misfellingum af hálfu kjörstjórna. Vil eg nú drepa á helstu atriðin.

Í einum hreppi var kosið í stóru herbergi og tjaldað um þvera stofu; sat kjörstjórn öðru megin tjaldsins, en kjósendur biðu fyrir framan. Var svo tjaldað fyrir eitt hornið hjá kjörstjórninni, en kjósendur fyrir framan höfðu getað sjeð hvernig menn kusu gegnum gat á tjaldinu. Hafði þó kjörstjórn verið bent á þetta, og hún bætt úr því þá þegar. Virðist þetta því eigi svo stórt atriði, að ónýta beri kosninguna fyrir það.

Á einum atkvæðakassanum hafði verið óglögt innsigli, að eins sjest eitt einasta E, sem er upphafsstafur í fōðurnafni formanns yfirkjörstjórnar. Annars var innsiglið heilt og óskaddað, og virðist því eigi geta komið til mála, að þetta atriði ónýti kosninguna.

Í gjörðabók kjörstjórnar er það tekið fram, að lykillinn að atkvæðakassanum sje í innsigluðu umslagi, en er opnað var, kom í ljós, að svo var ekki. En með því að pokinn var innsiglaður, virðist mega líta svo á, að ummæli kjörstjórnar í gjörðabókinni geti til sanns vegar færst.

Nokkrir kjörseðlar voru stimplaðir með öðruvisi bleki en ætlast er til, bláu eða blágrænu, í stað þess, að stimpilblek það, sem ætlað er til kosninga, er svart. Þetta hefir komið víðar fyrir. Hefir líklega hið rjetta blek glatast á einhvern hátt.

Yfirkjörstjórn ljet þúa til 24 seðlum fleira en útbýtt var til undirkjörstjórna. Formaður yfirkjörstjórnar kveðst raunar hafa brent þessa seðla, og færir því til sönnunar það, að kona á Akureyri hafi sjeð hann brenna þá. Nú kveðst konan að eins hafa sjeð hann brenna seðlaböggul, án þess að hafa sjeð, hvað hann hafði

inni að halda. Þetta, að þúa til fleiri seðla en nota þurfti, er brot á 20. gr. kosningarlaganna, og form. yfirkjörstj. hefði átt að eyðileggja seðlana í víðurvist hinna kjörstjórnanna, og gera með því svo lítið úr brotinu, sem auðið var.

Þrátt fyrir þessi kærutriði er kjördeildin sammála um að taka kosninguna gilda. En sjálfsgagt er að ávita kjörstjórnina, og sama ætti að gilda um kosninguna í Árnassýslu. Virðist auðsætt, að sú kjörstjórn, sem brýtur 32. gr. kosningarlaganna, hefir eigi lesið lögín, og er það stórvitavert. Till. deildarinnar er þá að öllu athuguðu sú, að kjörbrjef þau, er hún hefir fjallað um, verði samþykkt nú þegar.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar í heild sinni samþ. með 21 samhlj. atkv.

Framsm. 3. kjörbrjefadeildar (Jón Magnússon): Kjördeildin hefir að eins 2 kærur til athugunar, nefnilega um kosninguna í Gullbr.- og Kjósars. og Eyjafjarðars. Um kosninguna í Eyjafjarðars. læt jeg mjer nægja að visa til ræðu frsm. 2. kjördeildar (M. G.). Get jeg að nokkru leyti sagt hið sama um hina kærana. Mjer virtist það samhuga álit kjördeildarinnar, að úrskurðurinn um að framboðið skyldi eigi tekið til greina, væri rangur, en niðurstaðan hin sama, þar eð framboðið var tekið aftur. Svo var kjörseðlalíkingin. Deildin áleit þetta varhugavert fordæmi, og telur ástæðu til að minna menn á, að fara varlega í slikt. Hjer var munurinn svo lítill, að hæglega mátti villast á.

Deildin leggur síðan til að allar kosningarnar verði samþykktar.

ATKVGR.

Till. deildarinnar samþ. með 30 shlj. atkv.

Eiðar. — Kosning forseta. — Kosning skrifara. — Kjörbrjefanefnd.

Eiðar unnir.

Þá er hjer var komið, ljæt aldursforseti þá menn, er eigi höfðu áður Alþingi setið, til eiða ganga að lögum, og voru þeir þessir:

Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.,
 Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,
 Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,
 Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.,
 Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.,
 Pjetur Ottesen, þm. Borgf.,
 Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.,
 Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.,
 Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.,
 Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.,
 Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta.

Að þessu loknu ljæt aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Fór kosningin á þessa leið:

Við fyrstu kosningu hlaut

Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K., 19 atkv. og

Hannes Hafstein, 1. landsk. þm., 18 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Var þá kosningin endurtekin og fór þá svo, að

Kristinn Danielsson hlaut 20 atkv. og

Hannes Hafstein 18 atkv.,

en 2 seðlar voru auðir.

Var þá kosið í þriðja sinn, og urðu úrslitin söm sem í annað sinn, og lýsti þá aldursforseti

Kristinn Danielsson,

2. þm. G.-K., rjett kjörinn forseta sameinaðs Alþingis með 20 atkv.

Tók þá Kristinn Danielsson forsetasæti og þakkaði kosninguna.

Ljæt hann síðan kjósa varaforseta sameinaðs Alþingis.

Fór kosningin á þessa leið:

Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., hlaut 18 atkv., Hannes Hafstein 7, Jón Magnússon 6, Guðjón Guðlaugsson 3 og Jóhannes Jóhannesson 1, en 5 seðlar voru auðir.

Lýsti þá forseti yfir því, að kosinn væri varaforseti sameinaðs Alþingis

Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.

Kosning skrifara.

Þvi næst var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs Alþingis. Hlutfallskosningar óskuðu þessir þingmenn:

Guðmundur Björnsson,
 Sigurður Eggerz,
 Gísli Sveinsson,
 Bjarni Jónsson,
 Guðjón Guðlaugsson,
 Magnús Torfason,
 Magnús Guðmundsson,
 Magnús Kristjánsson,
 Matthías Ólafsson.

Fram komu tveir listar. Á öðrum, er forseti auðkendi A, stóð Þorleifur Jónsson, og á hinum, sem merktur var B, voru Jóhannes Jóhannesson og Magnús Pjetursson.

Kosning fór svo, að
 A-listinn hlaut 18 atkv. og
 B-listinn hlaut 19 atkv.

Tveir seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Forseti lýsti kjörna skrifara sameinaðs Alþingis þá

Jóhannes Jóhannesson og
Þorleif Jónsson.

Kjörbrjefanefnd.

Að þessu búnu ljæt forseti kjósa lögboðna kjörbrjefanefnd. Beiddust þessir þingmenn hlutfallskosningar:

Guðmundur Björnsson,
 Gísli Sveinsson,
 Sigurður Eggerz,
 Bjarni Jónsson,
 Skúli Thoroddsen,
 Jóhannes Jóhannesson,
 Matthías Ólafsson,
 Sigurður Sigurðsson,
 Magnús Kristjánsson.

Tveir listar voru bornir fram. Voru á þeim, er merktur var A, þessir menn:

Skúli Thoroddsen,

Magnús Torfason,
Ólafur Briem,
en á hinum, er markaður var B, voru:
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Magnússon,
Magnús Guðmundsson,
Karl Einarsson.

Fjell kosningin svo, að
A-listinn hlaut 18 atkv.,
B-listinn hlaut 18 atkv.,
en 4 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti þá kosna í kjörbrjefanefnd:
Skúla Thoroddsen,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Torfason,
Jón Magnússon og
Ólaf Briem,
með hlutkesti milli hans og þriðja manns
á B-lista, Magnúsar Kristjánssonar.

Kosning til efri deildar.

Loks voru kjörnir 8 þingmenn kjör-
dæmakosnir til að skipa efri deild með
landskjörnum þingmönnum. Óskuðu þessir
þingmenn að beitt væri hlutfallskosningu:

Jón Magnússon,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Jónsson,
Einar Jónsson,
Björn Stefánsson,
Hannes Hafstein,

Kristinn Danielsson,
Pórarinn Jónsson,
Magnús Pjetursson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson.
Forseta voru afhentir 2 listar. Var
annar merktur A, og stóðu á honum:

Magnús Torfason,
Guðmundur Ólafsson,
Kristinn Danielsson,
Karl Einarsson,
Porleifur Jónsson,

en á B-listanum þeir:
Jóhannes Jóhannesson,
Eggert Pálsson,
Magnús Kristjánsson,
Halldór Steinsson.

A-listinn hlaut 19 atkv. og
B-listinn hlaut 18 atkv.,
en 3 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti þá kosna til efri deildar
þessa menn:

1. Magnús Torfason,
2. Jóhannes Jóhannesson,
3. Guðmund Ólafsson,
4. Eggert Pálsson,
5. Kristinn Danielsson,
6. Magnús Kristjánsson,
7. Karl Einarsson,
8. Halldór Steinsson.

I.

Þingsályktanir afgreiddar til landsstjórnarinnar.

1. Rannsókn á hafnarstöðum.

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, og á 19. fundi í Nd. sama dag, var útbýtt til meðferðar í sameinuðu Alþingi

Till. til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstöðum fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu milli Berufjarðar og Skinneyjarhöfða og víðar,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 117).

Á 3. fundi í Sp. fimtudaginn 11. jan., kl. 12³/₄ miðdegis, var till. tekin til umræðu.

Vegna þess að of skamt var liðið frá útbýtingu till., leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð af forsætisráðherra og samþ. af þinginu í einu hljóði.

Sveinn Ólafsson: Tillaga þessi hefir fengið eina breytingu í efri deild. Hefir þar verið bætt við tveim stöðum, Kollafirði og Garði, en er að öðru leyti söm og hún var afgreidd hjer frá deildinni. Jeg ætla mjer ekki að segja neitt við þessu; tel rjett, að fleiri staðir sjeu rannsakaðir en þeir, er upprunalega voru nefndir í tillögunni, sem sje svæðið frá Berufirði til Skinneyjarhöfða. Þess vegna verð jeg meðmæltur, að tillagan verði samþykkt með þessum viðauka.

Pjetur Jónsson: Mjer hefir skilist, að þetta þing hafi aðallega verið kallað saman til aðstoðar stjórninni á þessum ófriðartímum. Þetta var orsökinn og þetta var aðalverkefni þingsins. Tillögur hafa einnig verið samþ. í þessa átt, er kostuðu stórfje. Samþykkt hefir verið að kaupa skip, samþ. að fela stjórninni að sjá landinu fyrir nægilegum vörubirgðum, og í neðri deild hefir verið samþykkt að bæta launakjör embættismanna. Þetta er alt sjálfsagt og nauðsynlegt. Þess vegna er enn meiri furða, hve mörg frumvörp hafa komið, sem eru til kostnaðar fyrir landið, án þess þó að standa nokkuð í þessu sambandi. Þetta dregur úr mætti stjórnarinnar til arðvænlegra framkvæmda. Áður hefir þingið falið stjórninni að rannsaka hafnarstaði og lendingarstaði, og undirbúa fyrir framtíðina. Jeg hygg því, að þessi tillaga sje litiðsvirði í sjálfu sjer, nema ef nú á að eyða fje til þessa, en sje þó litla þýðingu muni hafa að hindra framgang hennar, úr því sem komið er. En jeg vil taka það brýnt fram og áminna stjórnina, að láta ekkert smávegis sitja fyrir aðalmálunum.

Gísli Sveinsson: Sökum þess, að jeg á eitt atriði í þessari tillögu, get jeg ekki látið hjá líða að segja nokkur orð.

Tillagan kom frá nefnd í hv. Nd., sjávarútvegsnefndinni, og henni fanst ástæða til þess að taka þetta mál upp. — Annars

Rannsókn á hafnarstöðum.

er það eftir dúk og disk að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) kemur með þessar athugasemdir sínar, þar sem tillagan hefir gengið gegn um báðar deildir, en að eins sökum smávæglagra breytinga í Ed., kemur hún hjer í sameinað þing til umræðu. Mjer finst það alveg ófyrirsynju, að skora á stjórnina að láta hjá líða að framkvæma þessa till., þar sem líka till. bindur henni engan bagga, en fer að eins fram á, að þetta sje gert, svo framarlega að hægt sje. Hjer er heldur ekki farið lengra en það, sem þingið hafði áður farið, heldur skemra. Það hefir samþykkt 1915 að fá sjerfróðan mann til að rannsaka alla landingarstaði hjer við land. Þessi tillaga er að eins framhald af þeirri till., og hjer er stjórninni að eins bent á, hvar sje brýnust nauðsynin.

Jeg er samþykkur því, er háttv. þm. (P. J.) sagði í niðurlagi orða sinna, að ekki þýddi fyrir hann að fara að rökræða þetta mál nú, hafandi þagað áður, er till. lá fyrir, og því best að láta tillöguna ganga sinn gang óáreitta.

Pjetur Jónsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir vist ekki heyrnt hvað jeg sagði (*Gíslí Sveinsson:* Jú). Jeg tók það fram, að þessi till. færi ekki fram yfir till. 1915, nema ef skoða ætti hana sem áskorun til stjórnarinnar, að gjöra þetta, hvað sem annars kynni í að skerast.

Það getur hugsast, að rjett sje að láta þessar hafnir sitja fyrir öllum öðrum, en það er engan veginn fullvist. Hygg jeg, að rjettara og betra væri, að taka þetta eftir þeim ráðstöfunum, er stjórnin og væntanlegur verkfræðingur koma sjer saman um. Svo var, sem búast mátti við, hnytt aftan í hana lengra og lengra, og allir þingmenn hefðu getað bætt einhverju við.

Matthías Ólafsson: Það eru að eins örfá orð til skýringar. Þegar þetta mál

kom til umræðu í sjávarútvegsnefndinni, þá skýrði jeg háttv. þm. frá hvernig á staði.

Eins og kunnugt er, samþ. þingið 1915 tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina, að láta hafnarverkfræðing rannsaka þá staði hjer á landi, sem til orða hefði komið að gjöra hafnir á. Í fyrra vetur ritaði landsstjórnin Fiskifjelagi Íslands, og fór þess á leit, að það legði til hvar byrja skyldi rannsókn þessa. Lagði fjelagið til, að rannsakað skyldi svæðið frá Þorlákshöfn kring um Reykjanes til Vogavíkur, að báðum stöðum meðtöldum. Frá Búðarósi á Snæfellsnesi kring um Snæfellsjökul til Ólafsvíkur, að báðum stöðum meðtöldum. Ólafsfjörð nyrðra, og Dalvík í Eyjafirði.

Svo sem kunnugt er, hefir enn ekkert orðið úr þessari rannsókn, og verður að telja það illa farið.

En þessi dráttur gaf tilefni til þess, að sjávarútvegsnefnd Nd. hnytti aftan við till. frá 1915 ósk um rannsókn á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða, með því að mikil nauðsyn sje að koma þar upp höfn, ef nokkur tök væri á.

Þetta er eina tillagan, sem sú nefnd hefir nokkra ábyrgð á.

En nú hafa allmargir þingmenn hnytt tillögum aftan í þessa tillögu, svo að heita má, að nú sje skorað á stjórnina að láta rannsaka því nær alla strandlengju landsins.

Þetta sýnir betur en nokkuð annað, að landsmenn eru vaknaðir til meðvitundar um hvers sjávarútvegur vor þarf mest með, en það eru öruggar hafnir.

Þegar ófriðnum er lokið, verður með engu móti hægt að skella skollaeyrum við kröfunni um hafnir, enda enginn efi á, að landið getur ekki lagt út í neinn kostnað, sem meiri bein og óbein hagsvon sje að.

En þótt eigi virðist, eins og nú stendur, leggjandi út í sjálf fyrirtækin, þá er ekki

Rannsókn á hafnarstöðum. — Dýrtíðaruppþót.

nema sjálfsagt, að rannsókn sje látin fara fram sem fyrst.

Jeg vona því að tillaga þessi verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillagan samþ. í e. hlj. og afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 140).

2. Dýrtíðaruppþót.

Á 4. fundi í Sp., laugardaginn 13. janúar, kl. 10 árdegis, sem boðaður hafði verið daginn áður meðal þingmanna á venjulegan hátt, var, eftir að hafa verið útbýtt á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 6 síðdegis, og á 25. fundi í Nd. sama dag, kl. 9 síðdegis, tekin til meðferðar

Til. til þingsályktunar um dýrtíðaruppþót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 176).

Framsm. fjárveitinganefndar Nd. (Gísli Sveinsson): Jeg vil leyfa mjer, sem framsögumaður þessa máls í Nd., að lýsa ánægju minni yfir því, að það er hingað komið í sama forni og það var í öndverðu. Jeg sje ekki betur en till. hafi verið á fullum rökum byggð og að fjárveitinganefnd Nd. hafi komist að eins rjettlátri niðurstöðu og auðið var, þó að hv. Nd. fyndist ástæða til að breyta henni, enda hefir hv. Ed. ekki sjeð sjer fært að gjöra betur. En jafnframt skal jeg þó játa, að þrátt fyrir allan vilja nefndarinnar, hefir enn ekki verið hægt að ná í *fylsta* rjettlæti. Þetta mál er líka þann veg vaxið,

að við því var aldrei hægt að búast, að unt væri að gera öllum til hæfis; en menn mega þó vera ánægðir með till. nefndarinnar, eftir ástæðum og atvikum. Hún er rjettlátasta till., sem fram hefir komið í málinu.

Með því að engar breytingartill. liggja hjer fyrir Sp., sje jeg eigi ástæðu til að lengja frekar umræðurnar. Jeg vil þá lúka máli mínu með þeim tilmælum fyrir hönd nefndarinnar, að nafnakall fari fram um málið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg tók það fram, þegar málið var til umræðu í Nd., að það væri svo umfangsmikið, að þingið hefði átt að fela það stjórninni á hendur til næsta þings, og að þá ætti að taka það til meðferðar. Það hefir líka komið í ljós, að þetta mál er ekki eins einfalt og sumir hjeldu. Till. nefndarinnar hefir að visu þann kost til að bera, að hún er einföld og hægfeld til framkvæmdar. En að öðru leyti er hún sá breiði vegur, sem liggur til mikilla útgjalda fyrir landssjóð. Og jeg tel varhugavert, að þingið fari að leggja leiðir sínar inn á slíkar brautir.

Jeg hefi alt afsagt og segi enn, að dýrtíðaruppþótin er alt of há og nær til of margra. Þar rignir jafnt yfir rjettláta og rangláta. Og það er einmitt þetta, sem jeg tel óheppilegt, að uppþæturnar ná til allra jafnt, hvort sem þeir hafa mikil eða lítil störf á hendi í þarfir landssjóðs. Till. gerir heldur engan greinarmun á einhleypum mönnum og þeim, sem fyrir mörgum hafa að sjá. En af því hjer er um að ræða uppþót vegna hækkandi verðs á öllum lífsnauðsynjum, þá finst mjer alt rjettlæti mæli með því, að þessi uppþót sje mismunandi eftir efnum og ástæðum. Jeg kannast fúslega við það og finst öll sanngirni mæla með því, að föstum starfsmönnum landssjóðs sje veitt einhver upp-

Dýrtíðaruppbót.

bót. En með því að eigi hefir verið timi til að útbúa viðunanlegan mælikvarða eða till. í þessa átt, get jeg eigi ljeð till. þeirri, sem hjer liggur fyrir, atkvæði mitt, og vil því mælast til þess við hv. forseta, að málinn verði visað til stjórnarinnar.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að slík tillaga getur ekki orðið borin upp í sameinuðu þingi, þar eð það fer í bága við 12. gr. stjórnarskrárinnar frá 1903, sbr. 41. gr. þingskapanna, en hins vegar er ákvæðið í 29. gr. þingskapanna, að þingsályktunartillaga, sem borin er upp í báðum deildum og breytt í hinni síðari, skuli *útkljáð* í sameinuðu þingi.

Pjetur Ottesen: Jeg vil að eins með fáum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Jeg hefi frá upphafi talið það sjálfsagðan hlut, að þinginu bæri að rjetta starfsmönnum landsins hjálparhönd nú í dýrtíðinni. En jafnsjálfsagt hefir mjer alt af virst það, að sú hjálp yrði nokkuð að vera miðuð við kjör og kringumstæður manna.

Dýrtíðin nær til allra, og fyrir utan þá, sem landssjóðnum eru áhangandi, er stór flokkur manna, verkamenn og smærri framleiðendur, og sjer í lagi þeir af þessum mönnum, sem ala fólkið upp fyrir þjóðina, fjölskyldumennirnir, sem stynja undir oki dýrtíðarinnar.

Það dugir ekki að loka augunum fyrir þessu, þegar verið er að tala um dýrtíðaruppbót til launamanna landssjóðs.

Í þingsál. till. þeirri um dýrtíðaruppbótina, sem hjer liggur nú fyrir, er ekkert tillit tekið til þess, hvort sá, er uppbótina á að fá, er einhleypur maður, ómagamaður, eða á nokkurn hátt þurfandi fyrir byrðaljetti í þessu efni.

Tilraun sú, sem samþykkt var í Nd. í þá átt, að tillit yrði tekið til þessa, þókn-

aðist hv. Ed. ekki einasta að breyta, heldur strika með öllu út.

Hv. Ed. var nú raunar nokkur vorkunn, þó að hún aðhylltist ekki þá till., sem þó var nokkuð í áttina til þess, er jeg held fram, en þar sem hún kom ekki með neitt í staðinn, þá er þar með sýnt, að hún hefir verið á sama máli og meiri hluti fjárveitinganefndar Nd. um það, að miða dýrtíðaruppbótina einvörðungu við launin.

Við umræðurnar um þetta mál í Nd. var einnig gjörð önnur tilraun, er gekk í þá átt, að breyta nokkuð launa- og hundradstölu-hlutföllunum, og að hver sem ætti tvö börn eða fleiri innan 16 ára aldurs, skyldi fá 50 kr. með hverju barni.

Þessi till. hafði auðvitað sina galla, en að því er fjölskyldumennina snerti, gekk hún þó í rjetta átt.

Það var hvorttveggja, að við, sem komum fram með þá till., urðum að semja hana í mesta flaustri, enda átti hún sjer ekki langan aldur, því að hún var drepin eftir að nokkrir mælskumenn deildarinnar höfðu heiðrað hana með lofsamlegum ummælum sínum.

Því er þá þann veg farið, að allar frekari tilraunir, sem gjörðar hafa verið í þá átt, að það sje mest ljett undir með þeim, sem helst þurfa þess með, en hinir látnir sigla sinn sjó, sem nógu hafa úr að spila, hafa, því miður, verið brotnar á bak aftur. Þá lýsi jeg því hjer með yfir, að jeg mun nú greiða atkvæði á móti þingsál. till. þeirri, sem hjer liggur fyrir.

Framsm. fjárveitinganefndar Ed. (Eggert Pálsson): Jeg skal ekki vera langorður um þessa till. Úr því að engin brtt. hefir komið fram í málinu, getur ekki verið nema um tvent að gera, að samþykkja till. þá, sem hjer liggur fyrir, eða fella hana.

Dýrtíðaruppbót.

Nú eru allir sammála um, að það sje sjálfsgöð sanngirnis krafa, að starfsmenn landssjóðs fái bætur fyrir þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir af dýrtíðinni. Jeg skil því ekki þennan vilja hv. þm., ef þeir verða á móti till. þeirri, sem hjer er um að ræða. Og með því að aðrar nýtilegar till. hafa ekki komið fram í þessu máli, verðum við að velja þann veginn, sem fjárveitinganefndin í Nd. og hv. Ed. hafa komist að.

Margir eru nú að visu óánægðir með till. fjárveitinganefndarinnar. En þess ber þá að gæta, að hjer gat ekki verið um það að ræða, að finna annan grundvöll, vegna tímaskorts.

Það hefir líka verið tekið rjettilega fram, að þessari till. fylgdi einn stór kostur, sem sje sá, að hún sje handhæg til framkvæmda fyrir stjórnina. Hvi skyldi þá eiga að vera að húa til eitthvert afskræmi, sem kostaði vafninga-strit fyrir stjórnina og væri ef til vill þar að auki órjettlált?

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar. Þó að till. kunni að vera eitthvað gölluð og gera megí umbætur á henni, þá er hún samt svo vel frambæri-leg, að sómi þingsins liggur við, að hún sje samþykt.

Framsm. fjárveitinganefndar Nd. (Gísli Sveinsson): Það var ræða hv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem kom mjer til þess að fara nokkrum frekari orðum um málið.

Hann kemur enn með það, að þingið sje hjer komið út á breiða veginn, sem leiði til til útgjalda fyrir landssjóð. Það er satt, að till. hefir í för með sjer útgjöld fyrir landssjóð. En þetta er ekki annað en það, sem allir þm. vita og hafa gengið inn á. En „planið“, sem þessi þm. (S. S.) og 1. þm. Reykv. (J. B.) ætluðu sjer að leggja í Nd., var þann veg vaxið hvað útgjöld snertir, þótt eigi sje hægt að fara þar út í nákvæman samanburð, að það

mundu hafa orðið áhöld um útgjöldin, eftir því sem sjálfum aðalflutnm. þeirrar brtt., hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) taldist til. Um hvað er þá að deila, fyrst útgjöldin í báðum till. eru hjer um bil hin sömu?

Annars er nú ekki timi til að fara út í samanburð á grundvelli till. En benda má á, að þegar til þess kom hjá þessum háttv. þingmönnum, að skilgreina hverjir ættu að teljast fjölskyldumenn, þá hef-ir þeim engan veginn getað komið saman. Þeim hefir heldur auðvitað ekki komið saman um, hverjir geti talist einhleyp-ir. Sumir segja, að sá sje einhleypur maður, sem engum hefir fyrir að sjá. En jeg tók það fram, að slíkir menn mundu vera svo fáir í þessum hóp, að ekki tæki að reka þá út úr jöfnuðinum.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi, að hver sem hefði fyrir tveim börnum að sjá eða fleiri, yngri en 16 ára, fengi 50 kr. á hvert barn. En hann mintist ekkert á aðra, sem hafa fyrir ómögum að sjá. Og eftir till. þeirra gætu t. d. lausamenn, sem ættu 6 eða 8 krakka og hefðu afrækt þá alla, orðið þessarar aukauppbótar aðnjótandi og fengið 50 kr. fyrir hvern. Er það nokkurt rjettlæti?

Jeg get þess vegna ekki sjeð ástæðu til að deila um þetta mál frekar. Hjer er að eins um tvent að velja, að samþ. till. fjárveitinganefndarinnar eða fella hana.

Jeg get því tekið undir með hv. fram-sögum. fjárveitingan. Ed. (E. P.), að hjer sje að eins um tvent að gera fyrir háttv. Sp., og ekki nema eitt sómaatriði í málinu, sem sje að samþ. till. eins og hún nú liggur fyrir.

Jón Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að lýsa því yfir, að mjer líkar illa, hvernig mál þetta er nú komið. Hv. efri deild hefir skorið niður breytingu þá, sem hv. neðri deild hafði gjört á till. fjár-veitinganefndar. Mjer líkaði ekki niður-

Dýrtíðaruppbót.

staða nefndarinnar, og get jeg því illa sætt mig við að samþykkja málið eins og það liggur nú fyrir. Jeg taldi ófært að veita öllum dýrtíðaruppbót, án undantekningar, því að jeg tel það enga undantekningu, þótt þeir sje undanskildir uppbót, sem hafa yfir 4500 kr. laun. Það vakti fyrir mjer, að þeir eru margir, er lægri laun hafa, sem óþarf er að veita uppbót. Hafði jeg hugsað mjer, að töluvert mundi mega draga úr kostnaði þeim, er nefndin hafði lauslega gjört ráð fyrir. Jeg á erfitt með að ganga að því að samþykkja till. eins og hún liggur nú fyrir, þar sem hún er mjög gagnstæð því, er jeg hefði kosið. Jeg fyrir mitt leyti tel sjálfsagt að veita mörgum dýrtíðaruppbót, en þar verður að lita á allar ástæður. Jeg verð því að greiða atkv. móti málinu nú, en jeg gjöri hins vegar ráð fyrir, að málið geti komið fyrir aðalþing næsta sumar, og megi eins vel afgreiða það þá. Mjer finst það ekki úr vegi, að láta þjóðina segja álit sitt um málið. Margir segja, að krytur sje milli embættismanna og alþýðu í landinu, en það held jeg að sje rangt. Jeg býst við, að allur þorri þjóðarinnar vilji sinna öllum sanngjörnum kröfum um dýrtíðaruppbót handa embættismönnum. Það eru að eins einstakir menn, sem hafa horn í síðu embættismannastjettarinnar. Jeg býst sem sagt við, að landsmenn liti alment með sanngirni á málið. Öll sanngirni mælir með því, að ýmsir menn í landsins þjónustu hafi fullan rjett til uppbótar. En þar sem ástæður embættismanna eru svo misjafnar, er sjálfsagt að taka tillit til þess. Jeg held því fram, að till. þessi sje ekkert „princip“ í málinu, heldur sje hún vandræða-tillaga, sem ekki geti talist sú eina rjetta stefna í þessu máli.

Nefndin hefir sjálf játað, að eftir till. hennar sje embættismönnum ekki gjört jafnhátt undir höfði, heldur sje hafður

mismunandi mælikvarði, og miðað við efni og ástæður. Þetta verður líka að gjöra. Vjer getum ekki leikið oss með fje landsins, og það er engin nauðsyn að veita þeim uppbót, er hafa góðar ástæður, og lifa góðu lífi þrátt fyrir stríðið og dýrtíðina, sem af því leiðir. Jeg þykist því í engu brjóta í bág við skoðun þá, er jeg hjelt fram í nefndinni, þótt jeg greiði atkvæði móti tillögum. Það hefði verið annað mál, ef hv. Ed. hefði tekið tillit til viðaukatill. sem jeg taldi til bóta. En fyrst hún hefir sýnt þessa óbilgirni í málinu, get jeg ekki beygt mig.

Þórarinn Jónsson: Það, sem kemur mjer til að standa upp, er framkoma tveggja hv. þm. úr fjárveitinganefnd neðri deildar. Þeir undirskrifuðu nefndaráliði með fyrirvara, og við það var ekkert að athuga í sjálfu sjer. En fyrst um svona mikinn skoðanamun var að ræða, hefði verið drengilegra af þeim að kljúfa nefndina, og hvað viðvikur háttv. 1. þm. Norðmýlinga (J. J.), þá var hann vist eindregið með þessum mælikvarða, en gjörði að eins viðaukatillögu, sem hann tók svo aftur. Hefðu þessir menn klofið nefndina og borið fram nýjar tillögur, voru miklar líkur til að málið hefði orðið betur brotið til mergjar. En þetta hafa þeir ekki gjört. Vjer vitum, að fram hafa komið brtt. En þær brtt. hafa ekki getað raskað sannfæringu þeirra, er telja nauðsyn á að veita uppbótina. Enda eru breytingartillögur sjaldnast þess eðlis, að með þeim standi eða falli mál. Og voru síst hjer. Jeg hafði gjörst meðflutningsmaður að einni brtt. En þótt hún sje nú fallin, get jeg ekki orðið því fylgjandi að fella málið, sem jeg álit, að eigi fram að ganga í einhverri mynd. Jeg er ekki ánægður með mælikvarðann, eins og jeg hefi áður tekið fram, en hefi ekki haft tíma til, í öllu

Dýrtíðaruppbót.

flaustrinu, að koma fram með brtt., er jeg álitil til verulegra bóta, og verð því að sætta mig við það eins og það er.


Jeg tel ekki bót í því, að visa málinu til stjórnarinnar, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vildi leggja til. Sje málið svo erfitt viðfangs, sem margir vilja álita, mun hún eigi getað ráðið því til lykta fyrir næsta þing. En jeg varð að líta svo á, að nú þegar þurfi að veita þessa uppbót. Hjer verður að velta á því, hvort landssjóður eigi að rjetta starfsmönnum sínum hjálparhönd eða ekki. Eigi að gera það, verður það að vera þegar þörfin krefur.

Jeg býst við því, að næsta þing gjöri nauðsynlegar umbætur á þessu máli. Og þótt embættismenn hafi mestmegnis um málið fjallað, býst jeg við, að þeir hafi gjört það með fullri samviskusemi og rjettlætis-tilfinningu. Hv. framsm. Nd.-nefndarinnar

(G.Sv.) hefir lofað mjög verk hennar, en þótt jeg telji, að það sje eigi lýtalaust og fullkomið, mun jeg þó greiða atkvæði með tillöggunni af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði getað spar- aðmjerað standa uppeftir orð hv.1.þm.Húnv. (Þór. J.). Hann hefir komið drengilega fram í þessu máli, eins og hans er venja í öðrum þingmálum. Þó vildi jeg mega gjöra fá- einar athugasemdir, sjerstaklega út af ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) Honum þótti mæli- kvarði nefndarinnar ranglátur, og uppbót- in koma niður á of mörgum. Það hefir þó verið sýnt, að með líkingu þeirri, er nefndin lagði til grundvallar, fellur lína upphótarprósentanna í jafnan boga. En með till. hans litur sú lína svo út, sem nú skal sýnt:

Dýrtíðaruppbót.



Eins og menn sjá, er hjer enginn jöfnuður, heldur hoppað stall af stalli, eitt þrepið af öðru. Hefði því ekki verið viðlit að samþykkja þá tillögu, án þess að laga mælikvarðann, og reikna út á ný. (Pjetur Ottesen: Vjer höfum engan tíma haft til þess.) Það er þingmönnum sjálfum að kenna. Mjer lá ekkert á, að þingi yrði slitið. Annars efast jeg um að hægt sje að koma þessu heim, sem hv. þm. (P. O.) vill halda fram. Honum varð tíðrætt um einhleypa menn og barnamenn. Jeg gat þess í hv. Nd. að til einhleypa manna teljast ýmsir gamlir ekkjumenn og ekkjur,

sem ekki hafa annað en eftirlaunin að lifa af. Mönnum hefir vist aldrei dottið það í hug, að einhleypar konur væri til, er lifðu á litlum eftirlaunum, og að með þessu væri klipið af þessu litla, sem þær hefðu til að lifa af. Brtt. er því miklu órjettlátari en till. nefndarinnar. Nefndin syndgaði þó í þá áttina, sem varkárari var, með því að veita heldur fleiri en færri dýrtíðaruppbótina. Það er gaman að heyra, að menn sje brjóstgóðir og vilji hjálpa fátækum. Mjer hefði þótt vel, ef þingið hefði þóttst geta gjört eitthvað til þess. Jeg bar fram frv., er hefði getað ljett af fátæklingum

Dýrtíðaruppbót.

miklum fjárútlátum, en þessir hv. þm. hafa ekki hjálpað mjer til að yta þessu máli áfram, og ná því úr sæti þeirrar hv. nefndar, er um það fjallaði sjer til til verðugs heiðurs, og skildist við það með samningu eins hins merkilegasta nefndarálits. Mjer virðist kenna hjá mönnum misskilnings á orðinu *fastanefnd*. Menn virðast skilja það orð svo, að slíkar nefndir eigi að *halda föstum* málum þeim, er þeim eru falin til meðferðar.

Jeg vil spyrja þá, sem þykjast vilja hjálpa þeim, sem nauðulega eru staddir, hvort það sje beinasta leiðin, að strika nú, út þessa hjálp, sem búið er að samþykkja að veita, fleygja málinu í stjórnina, og segja henni að búa það undir næsta þing. Það var rjett sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, að drengilegra hefði verið mönnum þeim, er nú kljúfa nefndina á síðustu stundu, eins og þeirra var von og vísa, að láta ágreiningsatriði sin koma fyr fram. Þeir hafa þóttst fylgja málinu, en ráðast nú að því á síðustu stundu. Þetta getur að visu verið viturlegt hernaðarbragð til að drepa málið, en drengilegt getur það ekki heitið.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagði, að rjett væri að leita til þjóðarinnar um þetta mál. Eg skil það svo, að hann ætlist hjer til þjóðaratkvæðis eins og um þegnskylduvinnuna. Þess má geta, að sennilega mun slíkt þjóðaratkvæði kosta rösklega mismuninn á till. hans og nefndarinnar. Jeg býst sem sje ekki við, að hann ætli sjer einungis að spyrja þær fáu hræður, sem slæðast á þingmálafundi; það er ekki nema örtilitill hluti af þjóðinni. Jeg vil því geta mjer þess til, að hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) vilji með þessum orðum sinum skjóta oss skelk í bringu, en muni greiða atkv. öðruvisi en hann hefir sagt. Býst jeg ekki við, að hann, sem ber hag svo margra fyrir brjósti, vilji láta það bitna á fátækum barnamönnum, þótt ekki sje

alt eins og hann vildi helst. Það má gera ráð fyrir, að aðrir vinnuveitendur taki Alþingi sjer til fyrirmýndar. Vil jeg ekki fjölyrða um ábyrgð þá, er Alþingi ber þá gagnvart öllum landsmönnum.

Jeg vil ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg tel það ekkert stórmál og mjög einfalt og óbrotið. Svo lita og aðrar þjóðir á. Slíkt mál hefir í nágrannalöndunum gengið í gegn þegjandi og hljóðalaust. Hvorki jafnaðarmenn nje bændur hafa þar risið upp til andmæla, eða viljað eyða tíma til að hnitmiða uppbótina við efnahag þjóanna, heldur hafa þeir reynt að nota vit sitt, til að ráða bót á verslunar- og samgönguvandræðum.

Býst eg þess vegna við, að þessi till. verði samþykkt, og enginn gjöri smá meiningamun að svo miklu kappsmáli, að hann fyrir það vilji drepa málið. Tel jeg vist, að menn vilji ekki komast í slíka mótsögn við sjálfa sig síðustu daga þingsins. Þetta mál þarf ekki nema hálfrafr mínútu umhugsun; það liggur svo ljóst og einfalt fyrir í aðalatriðinu.

Magnús Pjetursson: Jeg verð að gera aths. við það, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að nefndin ljeti rigna jafnt yfir rjettláta og rangláta, tæki ekki tillit til ástæðna. Eg tel það einmitt galla, að hún hefir ekki gjört þetta. Hún hefir ekki farið eftir hækkun vöruverðs, heldur efnum og ástæðum, þar sem hún miðar við vissar prósentur, sem fara lækkandi eftir því, sem launin hækka. Það er því alveg vitandi rangt hjá hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. Borgf. (P. O.), að nefndin hafi ekki tekið tillit til efna og ástæðna. Það er rauði þráðurinn í öllu starfi nefndarinnar. Hv. þm. Borgf. (P. O.) sagði, að þeir ætti sjálfir að sjá sjer farborða, sem nógu hefðu úr að spila. Einmitt það sama og nefndin gjörir ráð fyrir. Þetta er því að eins yfirskots ástæða til að greiða atkv.

Dýrtíðaruppbót.

móti till. Það getur verið gott að biða næsta þings, og jeg býst við að tillögur yrðu þá allar betur yfirvegaðar. En þótt stjórnin vildi alt á sig leggja til að athuga málið sem best, þá verður það ekki látið í askana, og engin hjálp fyrir þá, sem nú þurfa hjálpar. Segja má að þeir geti fengið lán til sumarsins. En jeg býst ekki við að lánstraust launamanna myndi aukast, ef þeim væri neitað um þessa uppbót. Jeg verð að segja, að jeg varð hissa, er jeg heyrði ræðu hins hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) Jeg hefði talið honum sæmlegra, að bera fram brtt. en að segja : „Klipt er það, skorið er það“, og vilja fella málið. Jeg kann ekki við, að sagt sje, að Ed. hafi sýnt stífni. Hv. þingmenn hafa í sameinuðu þingi rjett til að bera fram brtt., ef þeim líka ekki aðgjörðir Ed. Mjer finst þetta í áttina til að vilja svifta Ed. tillögurjetti um málin. Ef menn ætla að fella þetta mál, og skella svo skuldinni á Ed., þá væri hægt að kenna Ed. um það, ef hún hefði, sem einn maður, fylkt sjer móti sanngjörnum brtt. Eg get því ekki trúað, að þeir menn, sem í öðru orðinu telja sanngjarnt að veita dýrtíðaruppbót, segi nei við till. þeirri, er hjer liggur fyrir. Það getur ekki orðið þeim til sóma.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins örfá orð. Jeg bjóst satt að segja ekki við að nokkrar umræður yrðu nú um þetta mál, og hefði helst kosið, að þurfa ekki að taka til máls, og hefði ekki gjört það, ef mín hefði ekki verið sjerstaklega gelið í umræðunum. Það var hv. frsm. fjárveitinganefndar Nd. (G. Sv.), er vjek nokkuð að brtt. þeirri, er jeg flutti ásamt hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. Borgf. (P. O.). Við bárum hana fram af því, að okkur fanst grundvöllur nefndartillögunnar ekki rjettlátur. Við vildum gjöra meiri jöfnuð, taka meira tillit til efnahags þiggj-

enda. Það er enginn greinarmunur gjör á einhleypum og fjölskyldumönnum. Í mælikvarða okkar verður ekkert stökk, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um. Hann á að vera jafn. Prósentutalan (uppbótarprósentan) breytist stig af stigi eftir launahæð, alls ekki í stökkum.

Tillaga okkar var rjettlát, af því að eftir henni fengu fjölskyldumennirnir meiri uppbót en einhleypingar; fengu nærfelt hið sama og eftir till. nefndarinnar.

Hv. þm. Dala. (B. J.) var að gera veður út af því, að við værum að draga af mönnum, en nú geta allir sjeð tillöguna, og þá sjá þeir hvað satt er í orðum hans. Hinn ósanngjarni dómur hans er svo augljós hverjum rjettisýnum manni, að jeg þarf ekki að eyða frekar orðum að því.

Jeg hefði kosið, að hv. fjárveitingarnefnd hefði lagt þennan grundvöll fyrir dýrtíðartillögum sínum, en því láni er eigi að heilsa.

Og taka vil jeg það skýrt fram, svo alþjóð megi það ljóst vera, að það er ekki oss, flm. till., að kenna, þótt vjer gætum ekki yfirvegað hana grandgæfilega og út í æsar. Það er að kenna hinu dæmafáa flaustri á störfum Alþingis; svo mikið er flaustrið og óvandvirknin, að stórmál eru rekin áfram í gegnum þingið, alveg óhugsuð og athugunarlítið. Og jeg skil ekki, hvernig hv. þm. ætla að verja þessi vinnubrögð þingsins fyrir þjóðinni. (*Bjarni Jónsson:* Greiddi ekki þingmaðurinn atkvæði með þinglausnum í dag?) Jú, (*Bjarni Jónsson:* Einn rekur sig á annars horn) en það var af því, að þá var búið að flaustra hjer af hinum mestvarðandi málum þingsins. (*Bjarni Jónsson:* Þetta er hlægilega illa föðrað!) Þótt hv. þm. Dala. (B. J.) vildi lengja þingtimann, til þess að halda hjer ljelegar ræður um hjeómlegar tillögur sínar, þá get jeg ekki greitt atkvæði með því. (*Bjarni Jónsson:* Jeg hefi aldrei haldið svona vitlausa ræðu).

.Dýrtíðaruppbót.

(*Forseti*: Má jeg biðja um hljóð, og hv. þm. að halda sjer við efnið). Jeg mun halda mjer við efnið, ef hv. þm. Dal. (B. J.) er ekki alt af með vitlausar innskots-setningar.

Jeg mun, þó jeg telji þessa till. að mörgu órjettlata, greiða atkvæði með henni. Sú sök liggur þar til, að jeg tel, að þeir er mesta þörf hafa fyrir þessa uppbot, fátækir og lágt launaðir starfsmenn, eigi ekki að gjalda óheppilegra vinnubragða þingsins.

En eigi dylst mjer það, að hægt hafi verið betur að gjöra, ef tími hefði verið til. (*Bjarni Jónsson*: Og þeir færir um það!) Jú — þeir þyrftu bara að vera öðru vísi gjörðir en hv. þm. Dala. (B. J.).

Jón Jónsson: Eigi skal jeg langorður vera, því að mjög er á þingtimann liðið, og þörf á að nota vel hinn skamma tíma, sem eftir er.

Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að það hefði verið drengilegra af okkur, er sæti eigum í fjárveitinganefnd Nd., og nú snúumst móti tillögunni, að kljúfa nefndina, heldur en að snúast á móti málinu á síðustu stundu.

Þetta eru ósanngjörn ummæli, því að við ætluðum okkur að koma fram með brtt.

Jeg er samþykkur hundraðsgjaldi því til árbótar, er nefndin lagði til, en jeg vildi ekki, að uppbotin næði til allra.

Jeg vildi fá undantekningar frá reglunni, og með því að jeg taldi það sanngjart mjög, þá bjóst jeg við að hv. þm. mundu samþykkja það, en sú raun hefir eigi á orðið. Og er jeg satt að segja hissa, er hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talar eins og hann gjörir, því að hann hefir látið það í ljós við mig, að hann álti rjett, að slíkar undanþágur væru gjörðar.

Að þessu miðaði tillaga sú, er við þingmenn N.-M. bárum fram, en ekki faun: náð fyrir augum þingsins.

Það er því ekki einkennilegt, þótt við fylgjum málinu ekki lengur, enda vil jeg vekja athygli hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) á því, að við viljum ekki fella málið, heldur að eins skjóta því á frest til næsta Alþingis, þar sem væntanlega verður lengri og betri tími til að athuga það.

Þar sem hv. þm. Dala. (B. J.) bjóst við því, að jeg vildi skjóta þessu máli undir þjóðaratkvæði, þá er það misskilningur hjá þessum hv. þm. sem oftast; það var ekki ætlan mín, heldur að málið geti verið rætt á þingmálafundum til athugunar og bendingar fyrir þingið.

Hv. þm. Dala. (B. J.) lyktaði ræðu sína með hinni venjulegu ósvifni gagnvart öðrum þingmönnum, en hv. þm. má vita það, að orð hans, hver sem eru, geta ekki hrinið á mjer, og mjer liggja ummæli hans í ljettu rúmi.

Hann var að láta undrun sína í ljós yfir því, að jeg skyldi nú ekki koma fram með brtt.

Til þess eru þær orsakir, að jeg tel mig hafa ofnauman tíma til þess. Og svo er ekki rjett, í máli sem þessu, að koma fram með tillögur nema með því móti, að hægt sje að athuga málið rækilega frá öllum hliðum.

Jeg kom hjer með brtt. við málið í hv. Nd., en jeg tók hana aftur, vegna þess, að svo mikill úlfabýtur varð um hana í deildinni.

Eins og málinu hagar nú, þá tel jeg þann kost vænstan, að greiða atkvæði á móti tillögunni, og fresta málinu til næsta þings, því að nú er enginn tími til að afgreiða málið svo vel sje. (*Bjarni Jónsson*: Mátti ekki framlengja þingið?).

Jeg hefi fyrir satt, að tillaga okkar þm. N.-M. hafi engan byr á meðal hv. efrideildarmanna, og því vist, að hún mundi ekki ná samþykki nú. En það var heppilegasta leiðin í þessu máli, sem þar var bent á.

Dýrtíðaruppbót.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) lýsti yfir því, að hann ætlaði sjer að greiða atkvæði með málinu. Kom þar fram hjá honum sami tvíveðrungurinn og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.).

Þeir vilja láta meiri hlutann ráða, drattast með honum, en hafa eigi dug í sjer til að vera í minni hluta.

Það þykir mjer skritin framkoma.

Þá framkomu skil jeg ekki.

Jeg vil að lyktum taka það fram, að jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, að dýrtíðaruppbót sje veitt, en það tel jeg rjett vera, að málinu sje skotið á frest, svo að rjettmætar undantekningar megi gjöra. Og þessar undantekningar mátti gjöra samkv. till. okkar þm. N.-M., og þá hefðu sparast tugir þúsunda fyrir landssjóð.

Þórarinn Jónsson: Mjer þykir það næsta einkennilegt, að hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) skuli vera hissa á því, að jeg skuli vera með dýrtíðaruppbót til opinberra starfsmanna og embættismanna, því að jeg hefi alt af með slikri uppbót verið, og talið hana rjettláta.

En rjett er það, að jeg var með brtt. hans, því að jeg taldi hana til bóta, eftir þeim grundvelli, er fjárveitinganefndin byggir á. Því, eftir grundvelli hennar, er þetta styrkur. En hv. þm. tók þá tillögu aftur, og hefir síðan enga brtt. gjört, og er það því undarlegra.

En hitt er annað, að jeg lit svo á, að allir embættismenn hefðu átt að fá uppbót, og „skalinn“ því að ná yfir alla, en mikið lægri. Og mátti þá t. d. vera 10% í stað 25%, eða sem millistig á milli 25% og 5%.

En það er alrangt, að jeg hafi nokkru sinni verið á móti því, að veita dýrtíðaruppbót, og þótt brtt. næði ekki fram að ganga, þá vil jeg ekki drepa málið.

Framsögumaður fjárveitinganefndar Nd. (Gísli Sveinsson): Jeg vil að

eins gjöra örstutta athugasemd í tilefni af orðum hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), og það er af því, að hann var að tjá skoðun sína í nefndinni.

Jeg verð nú að lýsa yfir því, að þessi framkoma hans, er nú kemur á daginn, kemur öllum nefndarmönnum á óvart, nema ef vera skyldi hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann skilur má ske betur, er sjálfir nefndarmenn skilja sig frá nefndum.

Og þetta kemur oss á óvart, vegna þess, að hann, hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), var nefndinni að öllu samþykkur, nema hvað hann vildi útiloka, að þeir, sem jafnframt eru framleiðendur — það er með öðrum orðum stjettarbræður hans, — fengju nokkra dýrtíðarupphót. En till. sú, er hann bar fram, var alt annað; hún var um „sveitarstyrkinn“ eða þurfalingavottorðið, er starfsmenn landsins áttu að fá hjá sveitarstjórnunum, en hana tók hv. þm. aftur.

Hv. þm. (J. J.) hafði nægan tíma til þess að koma fram með brtt., ef ekki hefði annað á skort. Hann sem nefndarmaður, fylgdist alt af með því, er gjörðist í málinu.

Og það getur vist enginn verið annað en undrandi á tvíveðrung þeim, er nú kemur fram hjá hv. þingmanninum.

Jón Jónsson: Jeg vil að eins spyrja að því, hvort leyfilegt sje nú að greiða atkv. um mál þetta hjer, því að síðast, er mál þetta var fyrir í hv. Nd., var það afgreitt með afbrigðum frá þingsköpum, og voru afbrigðin samþ. með 19 atkv. gegn 7, en það er ekki allskostar nægilegur atkvæðamunur, til þess að afbrigðin sje heimil, samkv. þingsköpunum, eins og á stóð. Mætti því ef til vill lita svo á, að afbrigðanna væri *synjað*, þótt forseti gætti þess ekki.

Forseti: Hjer í hv. Sp. þarf engra afbrigða við, því að málinu hefir verið útbýtt með löglegum fyrirvara.

Dýrtíðaruppbót.

ATKVGR.

Till. samþ. með 32 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. Hlutað var um, hver fyrstur skyldi atkvæði greiða, og kom upp hlutur 1. þm. Skagf. (M. G.). Sögðu

já:

Magnús Guðmundss., Pjetur Ottesen,
Magnús Kristjánsson, Sigurður Sigurðsson,
Magnús Pjetursson, Sveinn Ólafsson,
Magnús Torfason, Þorleifur Jónsson,
Matthías Ólafsson, Einar Jónsson,
Ólafur Briem, Hákon Kristófersson,
Pjetur Jónsson, Jón Jónsson.
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Þórarinn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,

*nei:**já:*

Björn Stefánsson,
Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,
Einar Arnason,
Gisli Sveinsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðm. Björnson,
Guðm. Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhanness.,
Jón Magnússon,
Jörundur Brynjólfss.,
Karl Einarsson,
Kristinn Danielsson.

Einn þingmaður, Þorsteinn Jónsson, var fjarstaddur.

Tillagan afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun sameinaðs Alþingis.
(Sjá A. 124).

II.

Stjórnarskipti.

Á 2. fundi í Sp., föstudaginn 5. janúar, kl. 12³/₄ miðdegis, mælti forseti þegar eftir að fundur var settur:

Áður en gengið verður til dagskrár, hefir hæstv. forsætisráðherra (J. M.) óskað að segja nokkur orð, og tekur hann til máls.

Forsætisráðherra (Jón Magnússon): Sama dag og lögin um þriggja manna ráðuneyti voru staðfest af Hans Hátign konunginum, fjekk jeg símskeyti frá H. H. konunginum, þar sem hann óskaði þess, að jeg tæki að mjer forsæti í ráðuneytinu.

Í gær var hæstv. ráðherra, Einar Arnórsson, leystur frá emhætti, og í gær barst mjer símskeyti, dagsett 4. þ. m., þar sem Hans Hátign konungurinn skipar mig fyrir forsætisráðherra, og þá bankastjóra og alþingismann Björn Kristjánsson, og bónda og alþingismann Sigurð Jónsson, fyrir ráðherra Íslands, og óskar að fá sem fyrst vitneskju um, hvernig ráðherrarnir skifti störfum með sjer, samkvæmt 1. og 2. gr. laga frá 2. þ. m.

Því hefir verið haldið fram af mörgum hjer á landi undanfarið, að fjölga þyrfti ráðherrum, og jeg býst við því, að fjölgun ráðherranna verði yfirleitt vel tekið. En að svo bráður bugur var að því undinn á þessu aukapingi, og þriggja manna stjórn sett á stofn fyrirvaralaust, það hygg jeg aðallega gjört vegna Norðurálfríðarins og þess ástands, er af honum leiðir. Þess vegna er og þetta þriggja manna

ráðuneyti samsett svo, sem raun er á orðin, þannig, að hver hinna þriggja aðal-flokka þingsins eigi mann í ráðuneytinu, svo að það í heild sinni hafi, svo sem má, fylgi þingsins í heild, líkt eins og á sjer nú stað víða erlendis, einmitt af sömu orsökum.

Hingað til má yfirleitt segja, að hin mikla styrjöld hafi lítið komið við þetta land, nema því til hagsmuna. Ísland hefir eins og önnur hlutlaus lönd auðgast vegna ófriðarins. En nú horfa menn kvíðnir fram í tímann, því að út lítur fyrir, að mjög fari að þrengja að hlutlausum þjóðum hjer í álfu. Það er alstaðar farið að bóla á skorti á ýmsum nauðsynjum. Jafnvel í Ameríku, sem einkum 2 síðustu árin, hefir verið helsta forðabúr heimsins, er farið að tala um útflutningsbann á kornvöru, vegna skorts á henni þar. Flutningar landa á milli eru alt af að verða örðugri og örðugri; skipakostur minkar stöðugt. Þar af leiðandi einnig örðugra, að koma afurðum vorum á markað, fyrir utan aðra erfiðleika og hindranir frá ófriðarþjóðunum í þeim efnum.

Þar sem þessu er þannig háttað, þá er þess nú krafist af alþjóð manna, að Alþingi og landsstjórn gjöri þær ráðstafanir, er verða megi, svo sem unt er, til að firra landið vandræðum þeim, sem yfir þykja vofa.

Það er þá sjálfgefið, að hið fyrsta og helsta hlutverk hins nýja ráðuneytis, verður það, að vinna að því af fremsta megni, að firra landið vandræðum af ófriðnum. Þar til teljum vjer fyrst, að hafa vakandi

auga á því, að landið sje birgt nauðsynjum, og að landsstjórnin gjöri sjálf, eins og gjört hefir verið hingað til, ráðstafanir til að birgðir sje fyrir hendi, og í sambandi við þetta, að reyna að sjá um skipakost til flutninga, bæði milli landa, og hafna milli innanlands; að vinna að því, að afurðir landsins komist í sem best verð, fái sem bestan markað, og að reyna, að fengnu leyfi Alþingis, að draga svo mikið úr vandræðum manna vegna dýrtíðarinnar, sem unt er. Hin daglegu störf stjórnarráðsins, eða framkvæmdarstarfið í stjórn landsins, viljum vjer ástunda að gangi sem greiðlegast.

Þegar annars kemur til undirbúnings löggjafarstarfa, fyrir utan fjárlög og þau önnur lög, sem leggja verður fyrir hvert reglulegt þing, þá getur ráðuneytið ekki lofað miklu að svo stöddu. Tíminn til undirbúnings undir næsta þing er svo afar

stuttur, að ekki verður með sanngirni húist við neinni verulegri lagasmíð, er lögð verði fyrir það, fram yfir það sjálfsgæða. Og um fyrirætlanir vorar í landsmálum yfirleitt, er örðugt að segja nú, eitt fyrir alla. Vjer komum hver frá sínum flokki, og höfum ekki haft tíma eða tækifæri til að kynnast skoðunum hver annars nógu nákvæmlega. Vjer höfum einlægán vilja á því, að vinna saman í eindrægni, og höfum heitið hver öðrum, að gjöra hver sitt til, að góð samvinna takist vor á meðal. En í byrjun næsta þings vonum vjer að geta látið uppi fyrirætlanir vorar og stefnu í landsmálum.

Um eitt erum vjer einhuga, að vinna að því af fremsta megni, að þjóðin nái fullum yfirráðum yfir öllum málum sínum og afráða ekki neitt í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, án vilja og vitundar þeirra þingflokka, er veita ráðuneytinu fylgi sitt.

III.

Tillögur kjörbrjefanefndar.

Á 4. fundi í Sp., laugardaginn 13. janúar, kl. 10 árdegis, var samkvæmt dag-skránni tekið fyrir

Álit kjörbrjefanefndar (A. 138).

Framsögumaður (Magnús Torfason):

Jeg þykist ekki þurfa að skýra þingheimi neitt nákvæmlega frá álitum eða gjörðum kjörbrjefanefndarinnar. Nægir að skirskota til nefndarálitsins. Vil jeg að eins taka það fram, að nefndin álitur, að Alþingi beri að eins að benda á þær misfellingur, sem orðið kunna að hafa á, hjá

kjörstjórnnum, en svo beri stjórninni að láta kjörstjórnir sæta vitum eða áminningum fyrir áorðnar skyssur, eftir því, sem þær hafa unnið til.

ATKVGR.

Tillögur kjörbrjefanefndar á þgskj. 138 samþ. sem hjer segir:

1. tölul. samþ. í einu hlj.
2. — — . — —
3. — — . — —

Tillögurnar afgreiddar til landsstjórnarinnar.

IV.

Kosningar.

1. Kosning varaforseta.

Á 2. fundi í Sp., föstudaginn 5. janúar, kl. 12³/₄ miðdegis, var samkvæmt dag-skránni tekin fyrir

kosning varaforseta sameinaðs þings,
með því að varaforseti Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., var nú skipaður ráðherra.

Fjell kosningin svo, að

Pjetur Jónsson hlaut 15 atkv.,
Sigurður Eggerz hlaut 15 atkv.,
Hannes Hafstein hlaut 1 atkv.,
Karl Einarsson hlaut 1 atkv.

og 7 seðlar voru auðir.

Var því kosningin endurtekin, og fór þá svo, að

Pjetur Jónsson hlaut 17 atkv. og
Sigurður Eggerz hlaut 17 atkv.,
en 5 seðlar voru auðir.

Kosningin var þá enn endurtekin, og fjell þá svo, að

Sigurður Eggerz hlaut 18 atkv. og
Pjetur Jónsson hlaut 17 atkv.,
en 4 seðlar voru auðir.

Lýsti þá forseti yfir því, að kosin væri varaforseti sameinaðs þings

Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 3. fundi í Sp., fimtudaginn 11. janúar, kl. 12³/₄ miðdegis, var tekin fyrir
kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og voru þessir í nefndina kjörnir:

Magnús Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,
Ólafur Briem,
Eggert Pálsson,
Karl Einarsson.

V.

Minning Þórhalls biskups.

Á 2. fundi í Sp., föstudaginn 5. janúar, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Jeg leyfi mjer að skýra háttv. Alþingi frá því, að forsetar gáfu 50 krónur í nafni þingsins til Heilsuhælisfjélgagsins til heiðurs við minningu herra Þórhalls biskups

Bjarnarsonar, og hafa forsetar fengið svo hljóðandi þakkarkveðju:

„Kærar þakkir fyrir hluttekningu við fráfáll Þórhalls biskups Bjarnarsonar.

Börn og tengdabörn“.

VI.

Verslunarmál og samkomulag við Breta.

(Sbr. lausanefndir, A. bls. 193—94.)

Umræður um þessi mál voru ekki skjalfestar, og ekkert um þau til bókar fært annað en það, sem stendur í eftirfaranda

Eftirriti

af gjörðabók sameinaðs Alþingis 1917, bls. 53—54:

5. fundur

laugardaginn 13. jan. kl., 2 síðd.

Allir á fundi.

Fundargjörð síðasta fundar samþ. án atkvæðagreiðslu og staðfest.

Forseti ljét þess getið, að samvinnunefndin í dagskrármálinu hefði lagt til, að umræður um málið færu fram fyrir luktum dyrum.

Tillaga um þetta var borin upp og samþ. með 27 : 4 atkv.

Þá var gengið til dagskrár og tekið til meðferðar

Álit samvinnunefndar neðri og efrideildar Alþingis um verslunarmál og samkomulag við Breta,

er útbýtt hafði verið frá nefndarinnar hálfu meðal þingmanna sem trúnaðarmáli og prentað að eins í 40 eintökum sem leyndarmál.

Þá er umræður höfðu staðið í 2 klukkustundir, kom fram beiðni um að umræðum yrði hætt, þegar þeir hefðu lokið máli sínu, sem þegar hefðu beðið sjer hljóðs, frá þessum þingmönnum:

Jóhannesi Jóhannessyni,
Hannesi Hafstein,
Einari Arnasyni,
Jóni Jónssyni,
Sigurði Jónssyni,
Sigurði Sigurðssyni,
Benedikt Sveinssyni,
Jörundi Brynjólfssyni,
Guðmundi Ólafssyni.

Samþ. með 24 : 2 atkv.
Umræðum hætt kl. 5⁵.
Forseti ákvað næsta fund í dag kl. 5^{1/2} síðdegis, og tók á

Dagskrá

Þinglausnir.

Fundi slitið kl. 5⁸ síðd.

Kristinn Daníelsson.

Jóh. Jóhannesson.

*

*

*

Rjett eftirrit staðfestir

Skrifstofu Alþingis, 2. febrúar 1917.

Einar Þorkelsson.

Þinglausnir.

Á 6. fundi í Sp., laugardaginn 13. janúar, kl. 5^{1/2} síðdegis, þinglausnafundi, mælti

Forseti: Áður en fundi er slitið, vil jeg leyfa mjer að skýra hinu háa Alþingi frá því, hver störf hafa nú verið leyst af hendi.

Fyrir þingið voru lögð alls 6 stjórnarfrumvörp, og hafa 5 af þeim verið samþykkt sem lög frá Alþingi, en eitt þeirra var felt.

Þingmenn báru alls fram 22 frumvörp. Af þeim hafa 8 verið samþ. sem lög frá Alþingi, 5 verið feld og 9 voru ekki útrædd.

Alls hafa því verið samþykkt 13 lög á þinginu.

Þingsályktunartillögum hafa alls verið

bornar fram 20. Af þeim hafa 10 verið afgreiddar til landsstjórnarinnar, 1 feld, 3 teknar aftur, 4 ekki útræddar og 2 voru um skipun nefnda.

Þannig er þá lokið störfum þessa Alþingis, og þegar lítið er yfir í heild, hverju hefir verið afkastað, þá er þar skemst af að segja, að ein aðalugsun og viðleitni hefir verið ráðandi í gjörðum þess, sú, að ráða nokkra bót á því tjóni, sem hin trylta heimsstyrjöld hefir bakað landi voru, og reisa sem unt er skorður við þeim erfiðleikum og þunga vanda, sem vænta má, að hún enn muni valda oss, og því meira, sem hún stendur lengur.

Meiri hlutinn af þeim lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum, sem fram hafa verið

bornar, hafa haft þetta fyrir augum eða staðið meira og minna, beint eða óbeint í sambandi við dýrtíðina og aðrar afleiðingar styrjaldarinnar.

Mest kveður að viðleitni þessa þings til að ráða bætur á samgöngum og tryggja aðflutning á nauðsynjum landsmanna, og hygg jeg, að ráðstafanir þingsins í því efni, um skipakaup og fleira, beri órækt vitni um, að það hefir ekki viljað láta neitt sitt eftir liggja í þeim efnunum.

Í annan stað hafa og vakað fyrir því ráðstafanir til að tryggja það, sem á hina hliðina er jafn þýðingarmikið, að afurðir landsins komi þjóðinni að sem fylstum notum, tryggja þeim sem unt er markað og sæmilegt verð, þó að eðlilega hljóti árangur af þeim ráðstöfununum að vera meira óvís.

Og enn mun í röð þinganna þetta þing veita mitnisstætt fyrir þá breytingu, sem á því hefir verið gjörð á æðstu umboðsstjórn landsins með fjölgun ráðherranna. — Um þá breytingu má einnig segja, að þótt hún hafi verið undirbúin að nokkru af fyrri þingum og í huga þjóðarinnar, þá mundi hún varla hafa komið í framkvæmd á þessu þingi, ef ekki hefði nú með henni verið höfð fyrir augum þessi sama aðalhugsun þingsins, að ráða fram úr örðugleikum yfirstandandi tíma, sameina að því starfi kraftana og hugina, og styrkja um leið stjórnina, jafnframt og

bundist hefir verið því heiti, að vera meira en áður samtaka í þeim efnunum, sem með sjálfum oss hafa mestum greinum valdið, um fullveldismál þjóðarinnar.

Að öðru leyti áskil jeg mjer ekki rjett til að kveða upp í nafni yðar, háttv. þingbræður, neinn sameiginlegan dóm yðar allra um, hversu störf vor hafi tekist.

En jeg hefi rjett til — um leið og jeg nú að skilnaði árna yður öllum góðrar og gleðilegrar heimkomu — að bera fram þá sameiginlega ósk vor allra, að störfin megi bera nokkurn ávöxt til heilla fyrir þjóðvora, til að draga úr erfiðleikum, sem fram undan sýnast liggja.

Eg hefi rjett til að láta síðustu orðin, sem hjer eru töluð, vera þá sameiginlegu bæn vor allra, að drottinn varðveiti og blessi fósturjörð vora, land og lýð.

Forsætisráðherra (Jón Magnússon): Með því að tími sá er liðinn, er þessu aukþingi var ætlaður í fyrstu og frestir þeir, er þessu þingi voru ætlaðir, þá lýsi jeg yfir því, í nafni Hans Hátignar konungsins að þessu 27. löggjafarþingi Íslendinga er slitid.

Ólafur Briem: *Lengi lifi Hans Hátign konungur vor Kristján hinn Tíundi.*

Tóku þingmenn undir það með niföldu húrta.

Var síðan af þingi gengið.